ÚTSÖLULOK!
Silfurtorg
Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími 456 3210
25% aukaafsláttur
á útsöluvörum

Bílaverkstæði
Ísafjarðar hf
Sindragötu 3
456 4444
Alhliða bifreiðaviðgerðir
og hjólbarðaþjónusta
...erum þjónustuaðilar fyrir:
Benna
Bernhard
Brimborg
Ingvar Helgason hf.
Kraftur hf.

Afgreiðsla
Landsbankans
í Neista er opin
fimmtudaga og
föstudaga
frá kl. 16-18
Sími 410 8119
Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk
Miðvikudagur 25. ágúst 2004 · 34. tbl. · 21. árg.

Vaknaður eftir sjö ára martröð

– rætt við Birgir Árna Birgisson sem náði tökum á lífi sínu eftir margra ára óhóflega áfengis- og vímuefna-neyslu. Sjá miðopnu.

Talið að um 2000 manns hafi tekið þátt í Heimastjórnarhátíð alþýðunnar á Ísafirði

Stórkostleg heimastjórnarhátíð sem fór langt fram úr björtustu vonum

Heimastjórnarhátíð alþýðunnar sem haldin var á Ísafirði á laugardag þótti takast með eindæmum vel og er það mál manna að vart hefði getað tekist betur til. „Þetta var alveg stórkostlegt og viðbrögðin sem ég hef fengið eru ólýsanleg. Tugir manna hafa haft samband og lýst svo mikilli ánægju með hátíðina að ég fer hjá mér“, segir Jón Fanndal Þórðarson, einn skipuleggjenda hátíðarinnar. „Menn hafa verið að skjóta á að um 2000 manns hafi tekið þátt í hátíðarhöldunum. Ein kona sem hefur búið á Ísafirði í um hálfa öld sagði þetta stærstu samkomu sem haldin hefur verið í bænum. Það fór ekkert úrskeiðis og hátíðin fór langt fram úr björtustu vonum.“

Kynnir á hátíðinni var Ólína Þorvarðardóttir en forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, hélt hátíðarræðu. „Forsetahjónin voru rosalega ánægð með hátíðina, eins og raunar allir aðrir“, sagði Jón Fanndal Þórðarson.

– halfdan@bb.is

Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, flytur hátíðarræðuna á Silfurtorgi.



SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM
Flytjandi
EIMSKIP

Eldur í skúr á Suðureyri

Eldur varð laus í gamla vinnsluskúrnum sem heimamenn kalla „Milljón“ á Suðureyri á þriðjudagskvöld í síðustu viku. Ung börn voru að leik við skúrinn og kveiktu í rusli ofan í fiskikari úr plasti sem var við húsvegginn með þeim afleiðingum að eldur læstist í þakskeggi næsta húss. Tilkynning barst Neyðarlínu kl. 17:43 og tókst slökkviliði fljótlega að ráða niðurlögum eldsins. Málið er talið upplýst, að sögn Skúla Berg rannsóknarlögreglumanns á Ísafirði. Tjón var lítið, en skúrinn „Milljón“ var nýlega gerður upp eftir margra ára niðurníðslu.

500 laxar í Laugardal

Laxveiði hefur verið með eindæmum góð í Laugardal í Ísafjarðardjúpi í sumar og hafa komið á land 489 laxar úr Laugardalsá og –vatni, svo vitað sé. „Nú þegar eru komnir næstum 140 fleiri laxar á land en veiddust allt sumarið í fyrra og enn lifir nokkuð af sumri“, segir Sigurjón Samúelsson veiðivörður. Undanfarin ár hefur veiði í ánni hafist 12. júní og staðið til 1. september. Mest varð veiðin í laugardalsá árið 1978 en þá komu 704 laxar á land.

Brautskráðum fjölgar

Brautskráðum stúdentum frá Vestfjörðum fjölgaði frá vetrinum1995-1996 úr 42 í 53 árið 2001-2002 eða um rúman fjórðung. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands. Á sama tíma fjölgaði brautskráðum stúdentum á landinu öllu um rúm 5%. Þá fjölgaði brautskráðum nemendum á framhaldsskólastigi frá Vestfjörðum úr 115 í 129 eða um rúm 12% á tímabilinu. Sambærileg fjölgun á landinu var 7,6%

KNH ehf. lægstir

Í síðustu viku voru opnuð tilboð í endurlögn hringvegarins á um 6,2 km kafla frá Gljúfurá að Brekku í Borgarfirði og gerð 4,1 km bráðabirgðavegar frá Gljúfurá að Grafarholti. Alls bárust 12 tilboð í verkið. Lægsta tilboðið barst frá verktakafyrirtækinu KNH ehf. á Ísafirði, 177,8 milljónir króna. Berglín ehf. í Stykkishólmi var með næstlægsta tilboðið.

Mikill mannfjöldi tók þátt í Heimastjórnarhátíð alþýðunnar á Silfurtorgi á laugardagskvöld. Fremst á myndinni má sjá forsetahjónin og Jón Fanndal Þórðarson, upphafsmann hátíðarhaldanna. *Ljósmyndir: Birgir Þór Halldórsson.*

Glæsileg hátíð með þátttöku um tvö þúsund manna

Heimastjórnarhátíð alþýðunnar var haldin á Ísafirði á laugardag. Hátt í 400 hlauparar frá Ísafirði, Súðavík, Bolungarvík, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri hlupu með kyndla að Silfurtorgi á Ísafirði þar sem eldur hátíðarinnar var tendraður. „Þetta tókst heldur betur vel og allar tímasetningar stóðust. Ég veit ekki til þess að hlaupið hafi verið með jafn marga kyndla í einu á Íslandi. Það var bara til einn svona kyndill, en við létum smíða fimm í viðbót“, sagði Hermann Níelsson, íþróttakennari og skipuleggjandi hlaupsins.

Jón Fanndal Þórðarson setti hátíðina á Silfurtorgi og var að vonum ánægður með hvernig til tókst. „Þetta var alveg stórkostlegt og viðbrögðin sem ég hef fengið eru ólýsanleg. Tugir manna hafa haft samband og lýst svo mikilli ánægju með hátíðina að ég fer hjá mér. Menn hafa verið að skjóta á að um 2.000 manns hafi tekið þátt í hátíðarhöldunum. Ein kona sem hefur búið á Ísafirði í um hálfa öld sagði þetta stærstu samkomu sem haldin hefur verið í bænum. Það fór ekkert úrskeiðis og hátíðin fór langt fram úr björtustu vonum. Ég vona og trúi því að hér eftir verði árlega haldin svipuð hátíð á Ísafirði, einhvers konar þjóðhátíð Vestfirðinga. Með liðsinni þessa hæfileikafólks sem skipulagði hátíðina verður það leikur einn, en þetta eru algerir snillingar. Ég vona að næst verði hægt að ná betri tengingu við suðursvæði Vestfjarða og allir geti tekið þátt“, sagði Jón.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, hélt hátíðarræðu og talaði meðal annars um þátt Vestfirðinga í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. „Heimastjórnin var uppskeruhátíð. Ár eftir ár, í áratugi, var háð þrotlaus barátta, hugsjónarík, einörð, oftast á brattann að sækja, andstaðan í Kaupmannahöfn hatrömm, valdinu beitt og réttindum hafnað. [...] Þá var gott að eiga bakhjarl í Vestfirðingum, njóta liðsinnis Ísfirðinga. Það reyndi fyrstur Jón Sigurðsson sem heimamenn hér um slóðir gerðu að fyrsta þingmanni sínum. Það reyndu Skúli og séra Sigurður í Vigur sem mörkuðu sjálfstæðisbaráttunni nýjan völl í aðdraganda aldamóta. Og það reyndi Hannes þegar hann kom hingað vestur og hertist í átökunum sem þá geisuðu á Ísafirði“, sagði forsetinn meðal annars í ræðu sinni.

Hátíðinni lauk síðan með einni mögnuðustu ljósa- og flugeldasýningu sem Ísfirðingar hafa orðið vitni að. Sigl-

Hljómsveitin Mae West skemmti gestum á Silfurtorgi.

Kyndilberarnir við komuna á Silfurtorg.

Jón Fanndal Þórðarson, flytur ávarp á Silfurtorgi.

ingaklúbburinn Sæfari skaut á loft 15 neyðarblysum úr jafnmörgum kajökum og Björgunarfélag Ísafjarðar stóð fyrir flugeldasýningu sem verður í minnum höfð. Brenna var á miðjum Pollinum, blys voru tendruð í Naustahvilft, flugeldum skotið úr lóðsbát Ísafjarðarhafnar og glitrandi ljósafoss flæddi niður Gleiðarhjalla.

Fáir vissu hvað stóð til, en óhætt er að fullyrða að ekki hafi margir búist við jafn glæsilegri sýningu. Kyrrt og fallegt var á svæðinu þegar flugeldum var skotið á loft og samkvæmt heimildum blaðsins heyrðust drunurnar í flugeldunum alla leið í botn Veiðileysufjarðar í Jökulfjörðum.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

Ánægður með breytingu á lögum Jöfnunarsjóðsins

„Loksins er þetta orðið staðfest og er ég mjög ánægður. Ég hef beitt mér mjög fyrir þessari breytingu því Ísafjarðarbær hefur frestað sínum grunnskólaframkvæmdum vegna þeirrar slæmu fjárhagsstöðu sem var hjá bænum en batnaði mjög við sölu á eignarhlut okkar í Orkubúi Vestfjarða og lækkun skulda í framhaldi af því“, segir Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar um staðfestingu Árna Magnússonar félagsmálaráðherra á lagabreytingu sem lengir í tíma það ákvæði sem heimilar Jöfnunarsjóðnum að greiða sveitarfélögum með fleiri en 2 þúsund íbúa 20% af kostnaði við einsetningu grunnskóla.

Ísafjarðarbær á inni um 30 milljónir hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga miðað við þær reglur sem sjóðurinn starfar eftir. Sveitarfélög með færri en 2 þúsund íbúa fá ársfrest til að ljúka sínum framkvæmdum en geta ekki fengið fjármagn fyrir nýjum framkvæmdum.

– thelma@bb.is

Ísafjarðarbær hefur frestað grunnskólaframkvæmdum vegna slæmrar fjarhagsstöðu en ný lagabreyting heimilar Jöfnuðarsjóði að greiða 20% af kostnaði við einsetningu grunnskóla sveitarfélaga með fleiri íbúa en 2000.

Menntaskólinn á Ísafirði.

Menntaskólinn á Ísafirði í örum vexti

Rúmlega 400 nemendur við nám

Um 430 nemendur verða við nám í Menntaskólanum á Ísafirði sem verður settur í 35. sinn í dag, miðvikudaginn 25. ágúst. Þar af eru 349 skráðir í dagskóla auk 80 kvöldskólanema. Er það um 19% fjölgun frá síðasta ári þegar um 350 nemendur hófu nám í dagskóla og kvöldskóla. Að þessu sinni eru 106 nýnemar að hefja menntaskólagöngu sína samanborið við 96 á síðasta ári.

Að sögn Ólínu Þorvarðardóttur skólameistara eru ýmis nýmæli á döfinni í starfi skólans á þessu skólaári. Frá og með þessu hausti er Menntaskólinn á Ísafirði hreinn áfangaskóli sem að öllu jöfnu veitir nemendum svigrúm til þess að ljúka stúdentsprófi á 3-6 árum. Einnig verður boðið upp á nám fyrir ófaglært starfsfólk í félagsþjónustu, svokallaða félagsliðabrú, sem boðið verður upp á í kvöldskóla. Áfram verður boðið upp á nýbúanám í vetur, en það hóf göngu sína um síðustu áramót.

Tíu nýir starfsmenn hafa verið ráðnir til starfa hjá skólanum og er það raunfjölgun um 4 stöðugildi. Vegna nemendafjölgunar hefur tölvukostur bókasafnsins verið stóraukinn auk þess sem komið hefur verið upp vinnuaðstöðu fyrir átta kennara. Gagngerar endurbætur standa nú yfir á einni heimavistarálmu skólans þar sem átta rúmgóð herbergi verða með snyrtingu og sturtu. Þeim framkvæmdum á að vera lokið um næstu áramót, en fram að þeim tíma eru 24 einsmenningsherbergi til afnota á heimavist. Þau eru fullbókuð.

Það er því í nógu að snúast hjá stjórnendum og starfsliði skólans þessa dagana við að undirbúa skólabyrjun og koma upp vinnuaðstöðu fyrir kennara.

– hj@bb.is

Landsbankahlaup á Ísafirði

föstudaginn 3. september kl. 17:00

Landsbankahlaup verður á Ísafirði fyrir alla krakka á aldrinum 9-15 ára. Skráning er hafin í Landsbankanum og stendur til 1. september.

Hlaupið verður frá Landsbankaplaninu þar sem hitað verður upp með skemmtiatriðum frá kl. 16:30.

Að hlaupi loknu og verðlaunaafhendingu verða grillaðar pylsur fyrir keppendur og aðstandendur.

Við hvetjum alla krakka á þessum aldri til þátttöku og taka foreldrana með í fjörið.

Starfsfólk Landsbankans Ísafirði, sími 410 4156

Landsbankinn

„Vestfirðir eru fyrir lengra komna“

– rætt við starfsmenn upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Ísafirði sem mæla á Miðjarðarhafstungum

Hjá upplýsingamiðstöð ferðamála á Ísafirði er að finna þrjá unga starfsmenn sem eiga það sameiginlegt að vera mælandi á Miðjarðarhafstungur, nánar tiltekið portúgölsku, spænsku og ítölsku. Marga suðræna ferðamenn hefur rekið í rogastans yfir móttökunum á upplýsingamiðstöðinni enda eiga þeir ekki von á heyra hlýjan hryn suðrænnar móðurtungu á Vestfjörðum, norðvestasta hluta Evrópu.

Gylfi: „Ég byrjaði þegar ég kom frá Ekvador og er því búinn að taka tvö og hálft sumar í þessum bransa.“

Júdith: „Ég byrjaði að vinna á sumarhótelinu á MÍ sumarið 2000 en það hafði ekkert með ítölskuna að gera. Ég er ekki endilega að læra hana út af ferðamönnunum en auðvitað kemur það sér vel.“

Haukur: „Það er ár síðan ég kom heim frá Brasilíu en ég byrjaði að vinna hér í vor. Mér finnst nú líklegt að tungumálakunnáttan hafi gefið umsókninni aukið gildi.Síðan er auðvitað kostur að hafa verið á ferðinni og vita hvernig það er að vera túristi.“

Kampakátir að heyra móðurmálið

Gylfi: „Þetta eru allt rómönsk mál; spænska, ítalska, portúgalska og franska og ef maður kann t.d. spænsku þá getur maður kraflað sig fram úr hinum. Sem er gott því oft er fólk ótalandi á ensku, sérstaklega Fransmennirnir.“

Haukur: „Þessu er svolítið svipað farið með rómönsku tungumálin og Norðurlandamálin. Þannig er til skandinavíska sem er óformleg blanda af norsku, sænsku og dönsku og með sama hætti er til nokkurskonar rómanska.“

– Sinnið þið aðallega útlendingum?

Gylfi: „Nei það er blandað og helgast af eðli starfseminnar. Hér er bæði rekin ferðaskrifstofa og upplýsingamiðstöð. Íslendingarnir koma mikið til að kaupa ferðir en útlendingarnir eru frekar að spyrja um upplýsingar.“

– Grípið þið oft til rómönskunnar í þessum samskipum?

Gylfi: „Já maður fær að spreyta sig á spænskunni a.m.k. einu sinni í viku.“

Júdith: „Jú það gerist stundum og Ítalirnir verða alltaf ægilega hamingjusamir, baða út öllum öngum og hrósa manni í bak og fyrir.“

– Þetta hlýtur að koma þeim á óvart, verandi í litlum bæ á norðvesturenda Evrópu og mæta inn á upplýsingamiðstöð þar sem hvert sólarstrandarmálið af öðru er talað?

Gylfi: „Við fáum oft skemmtileg viðbrögð. Margir áhafnarmeðlimir skemmtiferðaskipanna sem hingað koma eru frá Suður-Ameríku og maður sér oft á þeim og heyrir að þeir tala spænsku. Þannig bera þeir gjarnan upp spurningar á ensku og verða kampakátir þegar svarað er á spænsku.“

– Má e.t.v. segja að oft gætu samskiptin átt sér stað á ensku en það hljótist af nánari tengsl milli manna og jafnvel aukin velvild með því að ávarpa fólk á móðurmálinu?

Gylfi: „Jú ég held að það eigi oft við um fólk frá spænskumælandi löndum.“

Júdith: „Ítalirnir eru nú ekki þekktir fyrir að vera góðir í ensku.“

– En hefur ferðamönnum frá þessum rómönsku málsvæðum verið að fjölga?

Gylfi: „Já þeirra hlutur hefur verið að aukast síðustu ár. Norður-Evrópumenn eru flestir enskumælandi svo við þurfum e.t.v. ekki að mæta þeirra tungumálaþörfum eins mikið þó við höfum oftast reynt að hafa þýskumælandi mann á svæðinu.“

Málin leysast að lokum

– En Haukur, þú hefur lítið fengið að nota portúgölskukunnáttuna eða hvað?

Haukur: „Einu sinni, það kom maður hingað frá Costa Rica sem talaði portúgölsku en ég bið ennþá eftir Brasilíumanninum eða Portúgala. Þetta er fimmta víðtalaðasta málið í heiminum en löndin þar sem málið er talað eru flest fátæk og íbúarnir gera því lítið af því að ferðast til annarra landa. Portúgal var lengi aftarlega á merinni meðal Evrópuþjóða og Brasilía er líka mjög fátækt land og síðan er málið talað í nokkrum Afríkuríkjum.“

Gylfi: „Þannig er svipuð staða uppi hjá mér með spænskuna. Ísland er eitt dýrasta land í heimi til að ferðast til og hingað koma nær eingöngu Spánverjar en aðrir spænskumælandi menn sjást ekki fyrir utan áhafnarmeðlimi á skemmtiferðaskipum.“

– Hvernig er það með ítölskuna Júdith, ertu að læra hana með það í huga að geta nýtt hana í störfum tengdum ferðaþjónustu?

Júdith: „Já alveg eins, þetta eru ekki leiðinleg störf og Ítalirnir eru alls ekki leiðinlegt fólk.“

– Margir þekkja sjálfsagt að beita fyrir sig ýmiskonar bendingum og handapati á ferðalögum og að sjálfsögðu að tala íslenskuna bara hærra. Þrýtur tungumálakunnáttuna aldrei á upplýsingamiðstöðinni?

Haukur: „Jú vissulega kemur það fyrir að fólk getur ekki gert sig skiljanlegt á neinu af þeim tungumálum sem við tölum en einhvernvegin tekst að leysa úr öllum málum á endanum. Síðast í gær kom hingað ferðamaður sem við skildum engan veginn hvað var að segja en að lokum kom sú niðurstaða í málið að hann þurfti að komast á Internetið og við gátum leyst úr því fyrir hann.“

Engir venjulegir ferðamenn

– Hvaða tungumál er það sem þið vilduð helst bæta við hér á upplýsingamiðstöðinni?

Haukur: „Ætli það séu ekki þýska og franska. Ef það væri einhver frönsku- og þýskumælandi starfsmaður hérna þá væri tungumálasviðið nánast fullkomið miðað við meginþorra ferðamannanna sem hingað koma.“

Júdith: „Helst er það frönskuna sem vantar því Þjóðverjar tala yfirleitt ensku þó Frakkarnir séu vissulega góðir í handamáli.“

– Er ekki ánægjulegt að fá að nota tungumálakunnáttuna?

Júdith: „Jú mér finnst það mjög skemmtilegt þó mér finnist frekar skrýtið að tala ítölsku á Íslandi, það er eins og maður verði pínulítið feiminn við að tala hana þegar Íslendingur er að hlusta.“

– En hvernig er það þegar koma fimm ítalskar húsmæður á upplýsingamiðstöðina, hvað er spurt um?

Júdith: „Þær fá að hringja heim til að segja að hér sé svolítið kalt og fá fréttir af fjölskyldunni á ströndinni. Annars eru þær bara að spyrja um vegina, hvernig sé að keyra á Íslandi, hvernig veðrið sé og annað af því helsta sem ferðamennirnir spyrja um.“

– Manni finnst þessar þjóðir hafa allt til alls, gott veður, fallegar strendur, aldagamla menningu, sögulega staði og margt fleira. Hvað er að lokka þetta suðræna fólk alla leiðina til Íslands?

Júdith: „Það er náttúran og þeim finnst líka mjög merkilegt að ferðast svona norðarlega – mörgum finnst þeir nánast vera á heimsenda. Svo tala þeir um frískandi loftið og fjöllin.“

Gylfi: „Ég held að þeir séu ekki sækja hingað í menningu, það er mikið frekar náttúran sem heillar. Svo finnst fólki viss ögrun að ferðast um Ísland.“

Haukur: „Það er ekkert

Júdith Amalía Jóhannsdóttir, Gylfi Ólafsson og Haukur Sigurðsson.

venjulegt fólk sem til Íslands kemur – menn líta á það sem ævintýraferð, kannski svipað og ef Íslendingar fara í safarí til Afríku“

Gylfi: „Á sama hátt og við höldum að það séu bara strákofar og Hottintottar í Afríku þá hafa erlendir ferðamenn oft hugmyndir um óbyggða harðbala og snjóhús þegar þeir hugsa um Ísland.“

Ævintýraþráin togar vestur

– Nú er farið að tala um ferðaþjónustu sem framtíðaratvinnugrein – sjáið þið fyrir ykkur að það verði mikið af fólki með þekkingu á tungumálum og erlendri menningu, e.t.v. svipað og þið, sem starfi við að liðsinna og þjónusta ferðamenn?

Gylfi: „Já örugglega, það er mikið af fólki á Íslandi sem talar erlend tungumál og við erum mjög heppin með það. Reykjavík, Bláa Lónið og fleiri áfangastaðir virðast vera að þróast út í massatúrisma en á Vestfjörðum er ennþá verið að sinna persónulegri ferðaþjónustu og ég held að það megi ekki vanmeta. Það gerist t.d. trekk í trekk að ég bóka fólk í ferð, leiðsegi því svo daginn eftir og hitti það jafnvel á kaffihúsinu um kvöldið. Ég var t.d. staddur í Reykjavík fyrir tveimur vikum og hitti fólk sem ég hafði selt ferð og heilsaði þeim – þetta er örugglega saga sem þau segja þegar heim er komið. Mörgum finnst mjög merkilegt að upplifa þessa persónulegu þjónustu og að finna fyrir því hvað landið er lítið.“

– Er það ævintýraþrá sem dregur fólkið til Íslands?

Haukur: „Já ég er ekki frá því og mér finnst ég skilja þetta fólk ágætlega. Ætli það sé ekki svipuð ævintýraþrá og olli því að ég fór til Brasilíu á sínum tíma. Ég held að menn séu yfirleitt fullir af ævintýraþrá þegar þeir koma til Íslands“

– Og eru ferðalangarnir e.t.v. enn ævintýragjarnari sem sækja til Vestfjarða en þeir sem stoppa í Reykjavík?

Haukur: „Linu túristarnir stoppa í Reykjavík og skoða Gullfoss og Geysi en þeir hörðu koma hingað á Hornstrandir.“

Gylfi: „Ég spyr fólk mjög oft að því hvort það sé að koma til Íslands í fyrsta skiptið og undantekningalítið er það að koma í annað og jafnvel þriðja sinn. Fyrsta skiptið fara þeir jafnvel á Gullfoss og Geysi eða Mývatn og síðan koma þeir aftur. Þannig má kannski segja að Vestfirðir séu fyrir lengra komna.“

Þar með er látið staðar numið enda hæfilegt að segja spjallinu lokið þegar niðurstaðan er orðin Vestfjörðum í hag. Þar til viðbótar er annríki dagsins að bresta á og starfsmenn upplýsingamiðstöðvarinnar orðnir órólegir í sætunum og því vissara að gefa þeim færi á að koma gestum Vestfjarða á rétta sporið.

– kristinn@bb.is

Veðurstöðin við Skeiði í Skutulsfirði. Þar mældist hiti hæstur 25,5 gráður í hitabylgjunni fyrir stuttu.

Hitabylgjan sem gekk yfir landið fyrir stuttu

Hitamet féllu víða á Vestfjörðum

Hitamet féllu á sextán veðurstöðvum á Vestfjörðum í hitabylgjunni sem gekk yfir landið fyrir stuttu. Mjög sérstakt er að segja frá slíkum hitatölum í samhengi við kólnandi veður þegar komið er fram yfir miðjan ágúst. Hæsta hitastig sem mælst hefur á Vestfjörðum er á Lambavatni á Rauðasandi, 28,8 stig. Það met er mjög gamalt og að sögn Trausta Jónssonar, veðurfræðings hjá Veðurstofu Íslands, er það met litið hornauga. Sem dæmi má nefna að í hitabylgjunni fyrir stuttu komst hitastigið hæst í 21,5 stig á Lambavatni.

Að metinu á Lambavatni frátöldu er metið á Vestfjörðum eftir hitabylgjuna fyrir stuttu. 26,0 stig í Litlu Ávík á Ströndum. Eru metin á Ströndum mest afgerandi að því er kemur fram í samantekt Veðurstofunnar.

Hér til hliðar má sjá hvar hitamet féllu.

– hj@bb.is

Veðurstöð:	*Hæst áður:*	*Met nú:*
Bolungarvík	21,0	**24,3**
Æðey	21,5	**21,6**
Litla Ávík	19,8	**26,0**
Bíldudalur	22,8	**23,7**
Flateyri	21,7	**23,3**
Þverfjall	18,8	**23,3**
Seljalandsdalur	19,8	**23,1**
Ísafjörður	21,1	**25,5**
Gjögurflugvöllur	19,9	**25,6**
Bolungarv. sjálfv.	20,7	**24,3**
Hornbjargsviti	19,7	**24,0**
Kleifaheiði	18,3	**24,4**
Hálfdán	19,5	**23,9**
Klettsháls	19,4	**25,5**
Ennisháls	20,3	**23,2**
Steingrímsfj.heiði	18,7	**23,0**

Eyrartún á Ísafirði

Gröftur hafinn að nýju

Fornleifafræðingar hófu í síðustu viku fornleifakönnun á Eyrartúni á Ísafirði og með því að gera könnunarskurð á hólnum þar sem talið er að hið forna bæjarstæði hafið staðið. Freya Sadarangani, James Taylor og Sigríður Þorgeirsdóttir frá Fornleifastofnun Íslands áætla að vera á Ísafirði í tvær til þrjár vikur við fornleifakönnunina. „Fyrr í sumar fundum við ruslahauginn við styttustöpulinn og teljum að okkur hafi tekist að staðsetja bæinn á hólnum. Nú erum við komin aftur til að reyna að sanna þá kenningu“, segir James Taylor. Við gröftinn fá fornleifafræðingarnir aðstoð Unnþórs Jónssonar og Steingríms Jónssonar frá garðyrkjudeild Ísafjarðarbæjar.

– thelma@bb.is

Freya Sadarangani og James Taylor.

Hjallastefnan á leikskólanum Eyrarskjóli

Góð reynsla eftir fyrsta starfsárið

„Það er komin mjög góð reynsla á Hjallastefnuna“, segir Jóna Lind Karlsdóttir, leikskólastjóri á Eyrarskjóli á Ísafirði en nú hefur leikskólinn fylgt stefnunni í ár.

„Kynin eru það ólík að þörf er á mismunandi áherslum á leiknám þeirra. Stelpurnar hafa meiri þörf á kjarkæfingum til að efla sjálfstraust og strákarnir þurfa að læra um samkennd og mynda betri tengsl. Nú er þrem elstu árgöngunum skipt niður svo að stelpur eru í öðrum hluta leikskólans og strákar í hinum. Yngstu börnin eru áfram á blandaðri deild“, segir Jóna Lind.

Börnunum var áður kynjaskipt í hópa inn á deildunum og hefur það reynst það vel að ákveðið var að taka næsta skref í þróuninni. „Stefnan hentar okkur mjög vel og og munum halda áfram að þróa hana“, segir Jóna Lind. *– thelma@bb.is*

Eyrarskjól á Ísafirði.

ritstjórnargrein

Heimastjórnar-hátíð alþýðunnar

„Starfið er margt, en eitt er bræðrabandið...“

Hvort þessi ljóðlína í Aldamótakvæði Hannesar Hafstein, eða einhver annar vísdómur, sem þar er að finna þjóð vorri til hvatningar, olli þeirri hugljómun Jóns Fanndal Þórðarsonar, garðyrkju- og veitingamanns, að á Ísafirði skyldi haldin „Heimastjórnarhátíð alþýðunnar“ til að minnast 100 ára afmælis heimastjórnar á Íslandi og þar með ekki látið við sitja að nokkrir ráðamenn landsins settust á bekk syðra til að minnast þessara merku tímamóta í sögu þjóðarinnar, skal engum getum að leitt. Hitt er nú ljósara en frá þurfi að segja að draumur Jóns Fanndals rættist síðastliðinn laugardag með eftirminnilegri hætti en jafnvel hann sjálfan dreymdi um.

Heiðursgestur Heimastjórnarhátíðarinnar var forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson. Í hátíðarræðu, sem hann flutti, sagði hann meðal annars að gott hefði verið að eiga bakhjarl í Vestfirðingum þegar við fengum heimastjórn og höfðingjar á Ísafirði hefðu oftsinnis komið að þeirri baráttu með eftirminnilegum hætti. Og hann bætti við: „Það er því vel við hæfi að fagna hundrað ára afmæli hér á Ísafirði og tengja hátíðina við alþýðu manna, afkomendur þeirra sem veittu öflugt liðsinni þegar mest á reyndi, fólkið hér vestra sem ætíð hefur sótt kjark og baráttuvilja í náttúruöflin.“ Vel var við hæfi er forsetinn flutti Sigurði Bjarnasyni frá Vigur, fyrrum alþingismanni, sendiherra og ritstjóra, kveðjur og þakkir, en Sigurður er einn eftirlifandi þeirra er sátu á Alþingi við stofnun lýðveldisins 1944.

„Drottinn, sem veittir frægð og heill til forna, / farsæld og manndáð, vek oss endurborna!,“ er ákall skáldsins og hugsjónamannsins Hannesar Hafstein í áður tilvitnuðu ljóði. Farsæld og manndáð fyrri tíma Vestfirðinga, sem sagan vitnar um að lágu aldrei á liði sínu í baráttunni fyrir betra Íslandi, á ekki aðeins að vera okkur í nútímanum gullislegin minning heldur einnig og miklu fremur vakning til nýrra dáða.

Heimastjórnarhátíðin á Ísafirði verður án efa lengi í minnum höfð. En þótt vel hafi tekist til í alla staði og allir þeir er þar lögðu hönd að verki eigi miklar þakkir skyldar, verður „bræðrabandið“ sem hún skóp vonandi það sem upp úr stendur og lengst varir.

Slíkrar samstöðu erum við Vestfirðingar nú meira þurfandi en oft áður. *– s.h.*

orðrétt af netinu

Gjaldþrot frjálshyggjunnar

Nýlega var kosin ný stjórn í Heimdalli, félagi ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík. Félagið er sagt hafa 5000 félaga en í þessum kosningum kusu í kringum 900 manns. Úrslitin komu mörgum á óvart. Bolli Thoroddsen var kosinn formaður en hann dró einmitt framboð sitt til baka í sams konar kosningum í fyrra eftir umdeilda atburðarás sem hann og stuðningsmenn hans töldu kosningasvindl.

Þetta má teljast til tíðinda enda hefur Heimdallur löngum þótt eitt sterkasta vígi harðlínufrjálshyggjumanna í röðum ungra sjálfstæðismanna. Ljóst er hins vegar að frjálshyggjan lætur nú undan þar sem annars staðar og sést það á úrslitunum þar sem Helga og fólk hennar tóku afstöðu með harðlínumönnum en Bolli og félagar gáfu sig út fyrir frjálslyndari viðhorf og voru ekki gersneyddir félagslegri hugsun.

murinn.is – Katrín Jakobsdóttir

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is* · **Blaðamenn:** Hálfdán Bjarki Hálfdánsson, sími 863 7655, *halfdan@bb.is* – Halldór Jónsson, sími 892 2132 *hj@bb.is* – Thelma Hjaltadóttir, sími 849 8699, *thelma@bb.is* · **Ritstjóri netútgáfu:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is* · **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.
ISSN 1670 - 021X

Skútan er 70 feta löng og glæsileg.

Rannsóknaskúta dýra-verndunarsinna á Ísafirði

Rannsóknaskútan Song of the Whale kom til Ísafjarðar í síðustu viku. Um borð var átta manna áhöfn á vegum Alþjóða dýraverndunarsjóðinum (IFAW) þar af þrír vísindamenn sem sérhæfa sig í hljóðvísindum, líffræði og talnafræði. Skútan er 70 feta löng og vel búin rannsóknartækjum sem eru sérsmíðuð til rannsókna á sjávarspendýrum. „Skútan er hönnuð til að geta verið lengi út á sjó í einu og þá eru hún mjög hljóðlát til að angra ekki dýrin sem gerir vísindamönnunum kleift að fylgjast með þeim. Aðstæður við Ísland eru kjörnar til að rannsaka hvali og einnig fyrir hvalaskoðun en það sem við höfum séð á ferð okkar er hve mikið að ýmsum tegundum hvala eru hér við land“, sagði Tim Lewis einn vísindamannanna um borð. Vísindamennirnir voru við rannsóknir inn í Ísafjarðardjúpi í síðustu viku. „Það kom meðal annars komið í ljós við rannsóknir okkar hve mikið er af búrhval eru við landið og rákumst við á nokkuð marga á Vestfjörðum. Það kom okkur á óvart hve nálægt landi þeir eru oft“, segir Tim. Skútan hélt áleiðis til Reykjavíkur undir lok síðustu viku og lauk þar með rannsóknum þeirra við landið.

– thelma@bb.is



Tim Lewis við störf.

Ísafjarðarflugvöllur.

Stækkun öryggissvæðis Ísafjarðarflugvallar

Umhverfismat talið óþarft

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar telur ekki að væntanleg framkvæmd við stækkun öryggissvæðis Ísafjarðarflugvallar og endurbyggingu grjótvarnar hafi umtalsverð umhverfisáhrif. Nefndin fjallaði um málið fyrir stuttu, en bæjarráð hafði óskað eftir umsögn nefndarinnar sem telur að ekki sé þörf á umhverfismati vegna framkvæmdarinnar.

Hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar hafði áður fjallað um málið og gerði engar athugasemdir við framkvæmdina, en taldi þó að kostnaður við að nauðsynlega breikkun á innsiglingu að Ásgeirsbakka ætti að falla á framkvæmdaraðila.

Við endurbyggingu grjótvarnarinnar er gert ráð fyrir að þurfi um 15.000 rúmmetra af grjóti auk 38.000 rúmmetra af efni til fyllingar. „Umhverfisnefnd vill þó benda framkvæmdaraðila á að grjótnámið á Dagverðardal er takmarkað og óvísst hvort tilgreint magn náist úr námunni“, kemur fram í fundargerð umhverfisnefndar. *– halfdan@bb.is*

Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins – Gunnvarar hf., í Hnífsdal

Erfitt að sjá hvaða áhrif ákvörðun Eimskipa á eftir að hafa

Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins – Gunnvarar hf., segir erfitt að átta sig á því hvaða áhrif það muni hafa þegar Eimskip leggja niður áætlunarsiglingar til Ísafjarðar, en megnið af afurðum fyrirtækisins er flutt sjóleiðis frá svæðinu með áætlunar- og leiguskipum Eimskipa.

„Hvað okkur varðar er erfitt að sjá hvort þetta hafi einhver áhrif, það fer allt eftir því hvernig þeir hjá Eimskipum og þeir aðilar sem kaupa af okkur afurðirnar ætla að gera þetta, hvernig flutningsnetið verður og hvort flutningarnir verða niðurgreiddir á einhvern hátt“, segir Einar Valur.

Ýmsir íbúar á Ísafirði og í nágrenni hafa af því nokkrar áhyggjur að afurðum úr frystitogaranum Júlíusi Geirmundssyni verði eftirleiðis landað utan svæðisins þar sem erfitt muni reynast að koma afurðunum burtu. Aðspurður um þetta segist Einar Valur engar áhyggjur hafa, í það minnsta ekki enn.

„Menn hafa nú ekki haft áhyggjur af okkur hingað til. Meðal annars hafa bæjaryfirvöld, kjörnir fulltrúar íbúa á svæðinu, ítrekað gefið það út að færa beri aflaheimildir af Júlíusi og öðrum skipum okkar yfir í aðra útgerðarflokka“, segir Einar Valur.

– halfdan@bb.is

Edinborgarhúsið á Ísafirði

Lághús í upprunalegum stíl rís jafnt og þétt

Framkvæmdir eru í fullum gangi við Edinborgarhúsið sem vafalaust hefur ekki farið fram hjá neinum sem hefur átt leið um miðbæ Ísafjarðar að undanförnu. Verið er að reisa lághús í upprunalegum stíl við bygginguna. „Við stefnum að því að allar sperrur verði komnar upp eftir viku og á næstu vikum verður þá hægt að hefjast handa við að klæða þakið og veggina með bárujárni, en enn er óvíst hvernig því verður háttað“, segir Magnús Helgi Alfreðsson húsasmíðameistari. Stefnt er að því að framkvæmdum á utanverðu húsinu ljúki seint í haust.

Edinborgarhúsið var byggt árið 1907 og er eitt viðamesta timburgrindarhús sem byggt hefur verið á Íslandi. Það var teiknað af Rögnvaldi Á. Ólafssyni sem nefndur hefur verið fyrsti íslenski arkitektinn. Fjölbreytt starfsemi hefur farið fram í Edinborg, meðal annars fiskvinnsla og verslun, en síðustu ár hefur það verið vettvangur blómlegrar menningarstarfsemi.

– thelma@bb.is

Framkvæmdir við uppbyggingu lághúss við Edinborgarhúsið eru í fullum gangi.

Skólasókn ungmenna eykst á Vestfjörðum



Menntaskólinn á Ísafirði.

Hlutfall þeirra ungmenna á Vestfjörðum sem sækja skóla hækkaði nokkuð á milli áranna 1999 og 2003. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands. Á árinu 1999 sóttu 90% 16 ára ungmenna á Vestfjörðum skóla en sambærilegt hlutfall á landinu öllu var 89%. Um 92% 16 ára stúlkna sótti skóla á því ári en hlutfall drengjanna var 88%. Hlutfall þeirra er sóttu skóla á Vestfjörðum árið 1999 lækkar mjög hratt með hækkandi aldri. Sem dæmi má nefna að hlutfall 17 ára er komið í 70% og meðal þeirra sem eru 19 ára er hlutfallið 50%. Er það mun lægra hlutfall en á landinu í heild. Sem dæmi má nefna að hlutfall 19 ára í skóla á landinu öllu var árið 1999 um 63% eða 13 prósentustigum hærra en á Vestfjörðum. Árið 2003 hafði hlutfallið hækkað á Vestfjörðum og þá sérstaklega í eldri aldursflokkum. Í aldursflokki 16 ára var hlutfallið á Vestfjörðum komið í 91% og í 17 ára aldursflokknum var hlutfallið komið í 83%. Mikil hækkun hafði einnig orðið í 19 ára aldursflokknum og var hlutfallið þar komið í 74% og hafði því hækkað um 24 prósent á fjórum árum.

Dýpkunarframkvæmdir í Bolungarvíkurhöfn

Hæsta tilboð fimmfalt hærra en það lægsta

Fjögur tilboð bárust í dýpkunarframkvæmdir í Bolungarvíkurhöfn en tilboðin voru opnuð hjá Siglingastofnun Íslands í síðustu viku. Ístak hf. bauð lægst eða 54,3 milljónir króna. Sæþór ehf., bauð 75,8 milljónir króna og Hagtak hf. bauð 295,8 milljónir króna.

Einnig lagði Hagtak fram frávikstilboð sem miðast við að verktíminn verði lengdur til 15.12 2005. Þá er fyrirtækið tilbúið að vinna verkið fyrir 198,2 milljónir króna. Kostnaðaráætlun Siglingastofnunar var að upphæð 86,1 milljón króna og er því lægsta tilboðið einungis 63,1 % af kostnaðaráætlun. Hæsta tilboðið er rúmlega fimmfalt hærra en það lægsta.

– hj@bb.is

Frá Bolungarvíkurhöfn.

„Get ekki lýst því með orð- um hversu gott lífið er í dag“

Birgir Árni Birgisson er tæplega hálfþrítugur Ísfirðingur sem þó ólst upp í Svíþjóð fyrstu sjö ár ævi sinnar. Hann stundar sjóinn frá Ísafirði, leggur hellur eða hvað sem til fellur hverju sinni. Að loknum vinnudegi fer hann til síns heima og horfir á sjónvarpið með kellu sinni, hugar að sínum áhugamálum og gerir hvað það sem hann vill gera. En lífið hefur ekki alltaf verið svona einfalt og þægilegt hjá Birgi. Sú var tíðin að hann átti hvergi heima, átti engan pening og hafði enga vinnu. Sá tími er nú liðinn og vonar Birgir að aldrei þurfi hann að upplifa slíkt tímabil aftur. Hann trúir því að hafi hann vit á því að hlusta áfram á ráðleggingar annarra, þá takist honum að forðast sinn forna lífsstíl.

Gaman að drekka í grunnskóla

Bakkus hefur ekki verið Birgi góður í gegnum tíðina. Fyrstu kynni þessara fyrrum félaga voru þó góð.

„Ég byrjaði að drekka í grunnskóla, fjórtán eða fimmtán ára gamall. Fyrsta árið var rosalega gaman, lífið gekk út á að drekka með vinum mínum, reyna við stelpur og vera töffari. Þessi gleði var þó skammvinn og fljótlega varð þetta ár bara hluti af minningunni. Næstu sex ár áttu ekki eftir að vera jafn skemmtileg.“

Komst á ról í menntaskólanum

„Þegar ég var sextán ára byrjaði ég í menntaskóla og á sama tíma fór drykkjan að magnast. Ég dugði ekki lengi í skólanum, í rauninni ekki nema 2 eða 3 mánuði. Eftir á að hyggja var það eiginlega út af áfengi sem ég hætti í skólanum. En ekki út af því að ég hafi verið svo fullur að ég hafi ekki getað lært. Mig vantaði einfaldlega pening, og ekki gat ég endalaust haldið áfram að stela úr buddunni hennar mömmu.

Ég var kominn á gott ról þennan mánuð minn í menntaskólanum. Ég drakk að sjálfsögðu á hverri einustu helgi og oft á virkum dögum líka.

Þar kynntist ég líka sveppunum. Þeir fannst mér alveg geggjaðir og ég stundaði það mikið að tína sveppi í frímínútum í skólanum það haustið og borða.“

Morgundrykkja í vinnunni

Þegar Birgir hætti í skóla fór hann að vinna í móttökunni í Básafelli, í því húsnæði sem Rækjustöðin var áður til húsa og síðar Ritur.

„Þar lærði ég að drekka almennilega, ef svo skyldi kalla. Ég hélt þó sönsum framan af. Allan tímann mætti ég í vinnuna, gerði enga skandala og ekkert vesen og hélt starfinu í heilt ár.

Ég mætti þó ekki alltaf edrú í vinnuna, langt í frá. Og ef ég mætti edrú var ekkert óalgengt að ég staupaði mig þá um morguninn.

Þessi drykkja mín, þó hún væri litin hornauga, olli engu stórkostlegu uppnámi enda var ég ekki sá eini í móttökunni sem lét svona. Oft áttum við kannski flösku inni í skáp sem við gengum í um morguninn. Stundum áttum við ekki bland og drukkum bara út í vatn þangað til Krílið opnaði.“

Þótti spennandi að reykja hass

„Ég hafði kynnst hassinu nokkru áður. Mér fannst það svakalega spennandi, ekki endilega vegna vímunnar sem maður komst í, heldur vegna þess að maður var að gera eitthvað sem var svo augljóslega bannað. Drykkjan var meira á gráu svæði.

Ég get ekki beinlínis sagt að ég hafi verið mikill hassreykingamaður, í það minnsta samanborið við marga aðra. Hassið hefur svolítið öðruvísi einkenni en mörg önnur vímuefni, þar með talið áfengið. Afleiðingar hassreykinga eru ekkert síður alvarlegar en afleiðingar annarra efna, en þetta er allt miklu lúmskara og minna áberandi.

Neysla allra vímuefna hefur í för með sér niðurtúr og oftast kemur hann um leið og það rennur af manni. Kannabisefnin eru svolítið öðruvísi, maður tekur minna eftir niðurtúrnum. Hann kemur bara hægt og rólega, maður verður sífellt þunglyndari og þunglyndari og lokast meira og meira inni í hausnum á sjálfum sér. En út á við var ég þó yfirleitt til friðs þegar ég reykti.“

Áhugamál hættu að skipta máli

„Ferlið var í rauninni byrjað þennan mánuð sem ég var í menntaskólanum. Þar strax var hugsunin og sýnin á lífið farin að breytast. Ég hafði alltaf metnað þegar ég var krakki og unglingur, stefndi á að mennta mig og enda á einhverjum góðum stað.

Þessir hlutir voru farnir að skipta voðalega litlu máli strax þegar ég var orðinn 16 ára. Metnaðurinn var orðinn voðalega lítill og ég hugsaði miklu styttra fram í tímann. Ég vildi bara vinna og þéna nóg af peningum. Ekki svo að skilja að ég hafi verið að safna mér fyrir neinu, ég vildi bara eiga peninga til að eyða.

Á sama tíma fóru öll áhugamál að hætta að skipta máli. Ég var að æfa skíði og körfubolta, en hætti einfaldlega að hafa áhuga á íþróttum um þetta leyti og vildi fátt annað gera en að sinna djamminu.

Heima bauðst mér allt sem ég hefði þurft til að eiga góða og örugga framtíð, en ég þurfti alltaf að gera allt annað en það sem var rétt. Svo kom að því að ég þurfti að bera ábyrgð á sjálfum mér og taka afleiðingum gjörða minna.“

Enginn myndarbúskapur

„Þegar ég hætti að vinna í Rit man ég hreinlega ekki hvað ég fór að gera. Allt sem ég gerði rennur svolítið saman í eitt, en á þessum tíma kynntist ég fyrrverandi kærustunni minni. Við byrjuðum að búa saman í leiguíbúð. Það er ekki hægt að segja að það hafi verið mikill myndarbúskapur á okkur. Við áttum ekki mat ofan í okkur og fannst matarinnkaup ekkert aðalatriði. Við eyddum öllum okkar peningum í fyllirí og sukk.

Á svipuðum tíma byrjaði þetta meðferðarrugl. Ég kalla það rugl því ég hafði ekkert í meðferð að gera, ég var ekkert tilbúinn að hætta. Ég held ég hafi verið átján ára þegar ég fór í mína fyrstu, en ekki síðustu meðferð.“

Hlægilega lág dópskuld

„Við vorum bæði að fara í og úr meðferð í heilt ár. Á þessum tíma vorum við flutt til Reykjavíkur. Þetta var alger rugltími og við vorum bæði mjög óörugg um það hvar við áttum að búa. Oft vorum við á götunni, bjuggum í stigagöngum og lifðum eins og rónar. Það var allt farið í klessu.

Hlutirnir hefðu þó getað farið miklu verr. Ég slapp blessunarlega við að lenda í einhverjum stórkostlegum útistöðum við lögin. Það eina sem ég gerði voru einhver heimskuleg prakkarastrik, rúðubrot og eitthvað svoleiðis. Ég þurfti aldrei að brjótast inn til að borga einhverjum vafasömum mönnum. Mín stærsta fíkniefnaskuld er hlægilega lág, einhver 2-3 þúsund kall. Mín stærsta fíkniefnasala er upp á svipaða fjárhæð, þannig að sem betur fer tókst mér ekki að festa mig í svoleiðis vitleysu.“

Lífslöngunin minnkaði

„Lífið varð alltaf erfiðara og erfiðara og ég sökk sífellt neðar. Siðferðisþröskuldurinn lækkaði meir og meir. Sem dæmi um það má nefna að þegar ég byrjaði að drekka fannst mér ógeðslegt að reykja. Þegar ég byrjaði að reykja fannst mér ógeðslegt að nota dóp. Þegar ég byrjaði að nota dóp fannst mér ógeðslegt að sprauta sig. Síðan rann að lokum upp sá dagur að mér bauðst sprauta og ég sagði „já“ án þess að hugsa mikið um það. Ég sprautaði mig samt sem betur fer aðeins einu sinni.

Daginn eftir fattaði ég að ég var búinn að brjóta öll þau siðferðismörk sem ég hafði sett mér. Ég áttaði mig líka á því að botninn var ekki að finna í efnunum því ég var löngu búinn að finna hann. Botninn lá í þessu andlega ástandi sem ég var í. Það var orðið þannig að mig langaði ekki lengur að opna augun á morgnanna. Hver dagur var kvöl, þunglyndið jókst og lífslöngunin minnkaði þangað til að hún var varla til staðar lengur.“

Hass, læknadóp og efedrín á sjónum

„Mér tókst að ráða mig í pláss á sjónum þegar ég var hvað fyllstur. Sjómennskan hentaði mér mjög vel, því sjómenn drekka yfirleitt mjög stíft. Sérstaklega, en þó ekki eingöngu, þegar þeir eru í landi.

Ég var á sjó meira og minna í fjögur ár, en var samt alltaf frekar tæpur á að halda plássunum. Við rerum mikið í kringum Kanada og þar í kring. Þá drakk maður sig haugafullan í landi en á sjó var erfiðara að komast upp með það. Þá notaði maður bara eitthvað annað, reykti hass og notaði læknadóp og efedrín og fleira. Bara eitthvað til að koma í staðinn fyrir brennivínið.“

Datt niður í flogakasti

„Einu sinni átti að vera þorrablót hjá okkur í áhöfninni á einu skipi sem ég var á. Það litla sem ég man frá því kvöldi er að við fórum nokkrir á bar til að hita upp fyrir blótið. Þar fékk ég mér 2 e-töflur og 5 rivotril, sem er róandi lyf.

Það næsta sem ég man eftir er þegar ég vaknaði á spítala með leiðslur og drasl í líkamanum. Læknirinn sagðist hafa greint 5 mismunandi efni í líkamanum og bætti því við að ég væri heppinn að hafa sloppið í þetta skiptið.

Það fyrsta sem ég hugsaði um var hvort ég hefði farið á þorrablótið eða ekki. Ég komst að því seinna að ég hafði mætt á blótið, ælt yfir mig allan og dottið í gólfið í einhvers konar flogakasti. Strákarnir úr áhöfninni þurftu að hringja í neyðarlínuna. Þarna voru staddir allir áhafnarmeðlimir skipsins, útgerðarstjórinn og fjölskyldur þeirra.“

Hélt ég myndi vaxa upp úr þessu

Fljótlega fór Birgi að finnast þessi lífstíll heldur nöturlegur, en hafði þó ekki miklar áhyggjur af framtíðinni.

„Mér fannst alltaf notalegt að sjá stráka sem höfðu verið miklir djammboltar og drukkið stíft á sínum tíma, en síðan vaxið upp úr þessu og orðið venjulegir fjölskyldumenn. Ég hélt alltaf að þetta yrði svipað hjá mér, ég myndi bara vaxa upp úr þessu.

Sá dagur kom þó aldrei. Smátt og smátt fór ég að átta mig á því og fór að langa til að gera eitthvað í þessu.“

Nöturleg jólahátíð

„Ég var búinn að keyra allt í klessu gagnvart fjölskyldunni. Yfirleitt var það þannig þegar mamma var að halda eitthvað fjölskylduboð, fermingu eða jólaboð eða eitthvað, þá var ég vinsamlegast beðinn um að vera annars staðar. Mamma hafði gert allt til að reyna að hjálpa mér og það var hún sem þurfti að líða mest fyrir það sem ég gerði.

Eitt sinn þegar líða fór að jólum rak mamma mig að heiman. Ég hafði ekki í nein hús að venda svo ég stalst inn í bílskúrinn hjá henni og svaf þar. Hún komst fljótlega að því og læsti bílskúrnum, en bróðir minn stalst til að hleypa mér inn svo ég gæti sofið í skúrnum yfir jólin.

Önnur jól þótti ég standa mig vel og mamma mín þakkaði mér fyrir að hafa verið til friðs. Þau jól notaði ég nefnilega það sem hafði gefist svo vel á sjónum, lagði áfengið til hliðar og reykti bara hass í staðinn. Þó mér hafi alls ekki liðið neitt betur sjálfum, þá var ég að minnsta kosti til friðs þessi jól.“

Fór að hlusta á ráðleggingar

Birgir hafði eins og áður sagði oft farið í meðferðir og virtust þær gera lítið gagn. Hvenær fór hann svo loks í meðferð sem virkaði og hvers vegna virkaði hún?

„Það virkaði engin meðferð á mig, einfaldlega vegna þess að ég var ekki tilbúinn til að taka leiðsögn. Ég þurfti alltaf að fara mínar eigin leiðir og gera hlutina eins og ég vildi gera þá.

Það sem gerði gæfumuninn var einfaldlega það að ég var búinn að fá nóg. Ég fattaði það að ég vissi ekki allt best sjálfur og fór að hlusta á fólk sem hafði lent í sams konar rugli og höfðu fundið leið út úr því. Það var líka eini möguleikinn fyrir mig.“

Fullur haus af slæmum hugsunum

„Það var orðið augljóst, að ef ég hætti ekki að drekka væru tveir möguleikar í stöðunni. Annað hvort myndi ég einfaldlega deyja, eða það sem mér fannst eiginlega verra, ég þyrfti að lifa með þessari ömurlegu kvöð.

Síðasta kvöldið sem ég drakk var 1. janúar 2002. Þá var ég að labba niður Laugaveginn með fullan haus af slæmum hugsunum, atvinnulaus, heimilislaus, peningalaus og með glóðurauga á báðum eftir slagsmál sem ég hafði komið mér í. Ég horfði á byggingakrana sem var í miðbænum og hugsaði hvort ég ætti ekki bara að príla upp og enda þetta. Ég tók samt aðra beygju, beint inn á bar.“

Fyrsta skrefið er að gefast upp

„Þá um nóttina fékk ég að gista hjá vini mínum sem hafði líka verið í rugli en fengið einhverja lausn á sínum málum. Hann var breyttur. Ég fór að hlusta á hann og fylgja honum eftir í því sem hann var að gera. Eins þversagnarkennt og það kann að hljóma, þá er fyrsta skrefið í átt að bata að gefast upp og viðurkenna að maður ráði ekki við lífið.

Ég er ekki alkóhólisti af því að ég drakk, ég drakk af því að



ég er alkóhólisti. Þessi sjúkdómur er þríþættur, honum fylgir huglæg þráhyggja, líkamlegt ofnæmi og andlegt mein. Þess vegna er ekki hægt að sigrast á þessu með því eingöngu að hætta að drekka því vandamálið er alltaf að finna hjá manni sjálfum, ekki í áfenginu sem slíku eða ytri aðstæðum.“

Vaknaður eftir sjö ára martröð

„Til að sigrast á þessum þremur þáttum sjúkdómsins hef ég þurft að vinna mikið í sjálfum mér. Ég get ekki lýst því með orðum hversu gott lífið er í dag. Mér eru allir möguleikar opnir með stelpunni sem ég elska og ég geri nákvæmlega það sem ég vil, þegar ég vil, af því ég get það.

Þegar ég var í neyslu var það í rauninni áfengið sem stjórnaði því hvað ég gerði, hvert ég fór og hvar ég myndi enda. Ég gat ekki sagt nei og ég gat ekki verið edrú.

Í dag líður mér eins og ég hafi vaknað upp eftir 7 ára langa martröð. Ég er samt þakklátur fyrir að hafa gengið í gegnum þetta, einfaldlega vegna þess að annars myndi ég ekki vita hversu verðmætt lífið er.“ – *halfdan@bb.is*

Uppgræðsla snjóflóðavarnargarða við Seljaland á Ísafirði gengur vel

Sáð hefur verið í 11 hektara og 4000 plöntur gróðursettar

Uppgræðsla snjóflóðavarnargarða við Seljaland á Ísafirði gengur vel. Gróðursettar hafa verið um 4.000 plöntur og sáð í um 11 hektara af þeim 16 sem græddir verða upp.

„Þetta gengur rosalega vel. Nú er sáð og borinn áburður og næsta vor verður síðan sáð þar sem ekki hefur sprottið“, segir Sævar Óli Hjörvarsson hjá KNH verktökum sem hafa verkið með höndum. Vökvun garðanna hefur vakið athygli. Að sögn Sævars Óla er lögð áhersla á að vökva plönturnar þar sem þær þurfa töluvert meiri vætu en grasfræin.

Í verkið verða notuð um það bil tonn af grasfræjum, nokkur tonn af áburði og um 7.000 tré. Um er að ræða uppgræðslu á 650 metra löngum garði, samsvarandi flóðafarvegi og 14 keilum auk uppgræðslu raskaðs svæðis, alls um 15 hektara. Verkinu skal lokið fyrir 1. september árið 2006 en áburðargjöf skal viðhaldið til 2007. – *halfdan@bb.is*



Vökvun garðanna hefur vakið athygli.

Ástarvika hafin í Bolungarvík

Ástarvika hófst í Bolungarvík á sunnudag er bæjarbúar slepptu 200 hjartalaga blöðrum í loftið. „Við hvetjum alla til að vera einstaklega ástúðlegir út vikuna en fyrst og fremst er uppátækið til gamans gert og þetta er góður tími til þess að njóta ásta þar sem rökkrið er svo rómantískt“, segir Soffía Vagnsdóttir oddviti minnihluta í bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar og ástaramor.

Þá munu þeir bæjarbúar sem bera ávöxt ástar sinnar að níu mánuðum liðnum fá verðlaun. „Markmiðið er að fjölga Bolvíkingum og verða verðlaun í boði fyrir afraksturinn, til dæmis fá öll börn sem fæðast í Bolungarvík í maí á næsta ári vöggugjöf frá Bjarnabúð og svo verður ýmislegt sem á eftir að koma á óvart“, segir Soffía.

Boðið verður upp á ýmsa viðburði í vikunni sem eiga að hvetja til ástleitni. Meðal annars eru allir hvattir til að fara í sund í kvöld og verða uppáhaldsástarljóð Bolvíkinga hengd á veggi sundlaugarinnar. Einnig verður kveikt á rauðum kertum meðfram veggjum íþróttahússins sem loga alla vikuna. Þá er unnt að kaupa ástarvikukort í versluninni Ljósbrá til að senda ástvinum víða um land.

Annað kvöld mun tónlistarmaðurinn góðkunni Eyjólfur Kristjánsson vera með tónleika í félagsheimilinu. Á laugardagskvöld mun meistarakokkur frá Hótel Holti matreiða fimm rétta máltíð úr fiskafurðum frá Bakkavík og að kvöldverði loknum verður dansleikur í Félagsheimilinu.

„Bæjarbúar taka þátt í og hafa gaman af uppátækinu og það er gaman að sjá að hjartalaga ljósaseríur eru komnar upp í gluggum í tilefni vikunnar. Upphaflega var þetta kosningaloforð sem ég gaf fyrir tveimur árum og það á alltaf að standa við kosningaloforðin. Hver veit nema ástarvikan eigi eftir að verða árlegur viðburður og Bolvíkingum eigi eftir að snarfjölga“, segir Soffía.

– thelma@bb.is

Fasteignasala
Tryggvi Guðmundsson hdl.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: eignir@tg.is
Heimasíða: www.tg.is

Einbýlishús/raðhús:

Urðarvegur 31: 307 m² glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum og með bílskúr. Hægt að hafa séríbúð á n.h. **Verð 15,5 m.kr.**
Brautarholt 4: Steinsteypt 140 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 34 m² frágengnum bílskúr. **Verð 14,9 m.kr.**
Urðarvegur 24: 240 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. **Verð 11,6 m.kr.**
Seljaland 9: 139 m² glæsilegt og vandað einbýlishús ásamt 42 m² bílskúr og 15,8 m² sólstofu. **Verð 16,7 m.kr.**

4-6 herbergja íbúðir:
Urðarvegur 45: 131 m² fjögurra herbergja íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi. Skipti á svipað stórri eign koma til greina. **Verð 8,4 m.kr.**
Sundstræti 34: 140m² nýleg 4ra herbergja íbúð í nýuppgerðu fjölbýlishúsi. **Verð 11,2 m.kr.**
Smiðjugata 7: 96,1 m² 4ra herb. íbúð á n.h. í tvíb.húsi. **Verð 6,4 m.kr.**
Túngata 12: 99 m² íbúð á miðhæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr og garði. **Verð 7,9 m.kr.**

Stórholt 7: 116 m² 4ra herb. íbúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Verð 8 m.kr.**

3ja herbergja íbúðir:
Aðalstræti 15: 3ja herb. íbúð á góðum stað í miðbænum. **Tilboð óskast.**
Túngata 3: Nýlega uppgerð 80 m² íbúð á tveimur hæðum í þríbýlishúsi. **Verð 4,9 m.kr.**
Silfurgata 11: 56,2 m² (75m² gólfflötur, mikið rými í risi) Áhv. ca. 3,4 m.kr. **Verð 5,8 m.kr.**
Sólgata 8: 68 m² íbúð á neðri hæð í þríbýlishúsi. Áhv. ca. 3,2 m.kr. **Verð 5,3 m.kr.**
Sólgata 8: 101 m² íbúð á efri hæð í þríbýlishúsi. Áhv. ca. 0,7 m.kr. **Verð 7,0 m.kr.**
Aðalstræti 17: 107 m² þriggja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. **Verð 7,5 m.kr.**
Sundstræti 22: Þriggja herb. 62,6 m² íbúð í kjallara í fjórbýlishúsi. **Verð 4 m.kr.**

2ja herbergja íbúðir:
Grundargata 6: 59 m² íbúð í fjölbýlishúsi í miðbænum. **Verð 3,9 m.kr.**
Engjavegur 33: 50,4 m² íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi. **Verð 4 m.kr.**
Fjarðarstræti 6: 77,3 m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Verð 4,6 m.kr.**
Seljalandsvegur 58: 52,1m² íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt helmingi tvöfalds bílskúrs. Áhv. ca. 600 þ.kr. **Tilboð óskast.**

Atvinnuhúsnæði:
Árnagata 3: 562 m² atvinnuhúsnæði við hafnarsvæði. Stórt og rúmgott smíðaverkstæði með skrifstofuaðstöðu. **Tilboð óskast.**
Sindragata 14: 534 m² stálgrindarhús á einni hæð. Nýtt atvinnuhúsnæði, vel búið og í góðu standi. **Verð 25 m.kr.**
Suðurtangi 2: 210 m² trésmíðaverkstæði á einni hæð ásamt geymslulofti. **Verð 4,5 m.kr.**

Þingeyri:
Aðalstræti 23: 150 m² einb.hús á tveimur hæðum með sólstofu. **Verð 4,5 m.kr.**

Bolungarvík:
Vitastígur 8: 99,8 m² einbýlishús á tveimur hæðum, allt nýuppgert. **Verð 8,5 m.kr.**
Vitastígur 19: 73,1m² 3ja herb. íbúð í fjölbýlishúsi ásamt 16m² bílgeymslu. **Tilboð óskast.**
Hjallastræti 38: 113,9 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 59,2m² bílskúr. **Verð 6,5 m.kr.**
Stigahlíð 4: 54m² 2ja herb. íbúð í kjallara í fjölbýlishúsi. Íbúðin er í góðu standi. **Tilboð óskast.**
Traðarstígur 7: 108,1 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 36,2m² bílskúr og 16m² garðskála. **Tilboð óskast.**

Sumarbústaðir:
Sumarbústaður til flutnings: 46,4 m² sumarhús sem hægt er að flytja, staðsett í Mjóafirði, 3 herbergi, stofa, eldhús og svefnloft. **Tilboð óskast.**

ÍSAFJARÐARBÆR

STARFSMANNVANTAR

Íþróttahúsið við Austurveg á Ísafirði vantar starfsmann (karlmann) skólaárið 2004-2005 við gæslu á bað- og búningsklefum drengja. Um er að ræða 60% starf og þarf viðkomandi að byrja 1. október 2004.
Nánari upplýsingar hjá Birni Helgasyni, íþrótta- og æskulýðsfulltrúa.

STARFSFÓLK ÓSKAST

Félagsmiðstöðin á Ísafirði óskar eftir starfsmanni í fullt starf til að sjá um skapandi starf í félagsmiðstöðinni (leiklist, tónlist, myndlist o.fl.). Einnig er óskað eftir kvöld starfsmönnum. Umsóknarfrestur er til og með 3. september.
Nánari upplýsingar fást á skrifstofu félagsmiðstöðvarinnar í Grunnskólanum við Austurveg eða í síma 456 3808.

Sprautað úr slökkvitæki

Tilkynnt var til lögreglunnar á Ísafirði á þriðjudag kl.17:43 að sprautað hefði verið úr einu duftslökkvitækjanna sem staðsett eru í Vestfjarðagöngunum. Í ljós kom að þetta reyndist rétt og var ennþá duft í loftinu á þeim stað í göngunum sem verknaðurinn átti sér stað er lögreglan kom á vettvang. Ekki er ljóst hver á sök á þessu, en engin ástæða var fyrir þessu uppátæki. „Óþarfi er að tíunda þá neyð sem getur skapast ef vegfarendur þurfa að grípa til þessara nauðsynlegu slökkvitækja í göngunum“, segir í dagbók lögreglunnar.

Opna HG mótið

Opna HG mótið í golfi verður haldið á Tungudalsvelli um helgina. Verður þar leikinn 36 holu höggleikur með og án forgjafar. Keppt verður í karlaflokki og kvennaflokki. Vegleg verðlaun verða veitt fyrir fimm efstu sætin með og án forgjafar, auk nándarverðlauna á 6./15. og á 7./16. holu. Verðlaun verða veitt fyrir þrjú bestu skor kvenna með og án forgjafar. Auk þess verður dregið úr skorkortum viðstaddra í mótslok. Tekið er við skráningu til kl. 18 á föstudag í síma 456-5081 og á netfanginu gi@snerpa.is og á golf.is.

Kani til KFÍ

Ameríski leikmaðurinn Josh Helm mun ganga til liðs við Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar (KFÍ) og er væntanlegur til Ísafjarðar eftir viku. „Við erum mjög spenntir yfir komu Josh og hann á eftir að styrkja lið okkar mikið. Hann er fær íþróttamaður og sterkur líkamlega“, segir Baldur Jónasson þjálfari meistaraflokks KFÍ. Að sögn Baldurs mun Josh líklega spila stöðu miðherja eða framherja. Hann spilaði áður með Mercyhurst College í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum.

Vígslu frestað

Vígslu minningarreits í Súðavík hefur verið frestað fram á næsta vor. Reiturinn var reistur til minningar um þá sem fórust í snjóflóði sem féll á byggðina þann 16. janúar 1995. Ástæðan er sú að efni sem til þarf í smíði krossins sem á að fylgja reitnum fæst ekki á Íslandi og þurfti því að panta hann frá Finnlandi í gegnum umboðsaðila í Svíþjóð.

Húsið er orðið hið myndarlegasta.

„Kapellan“ á Réttarholti tekur stakkaskiptum

Kapellan svokallaða í kirkjugarði Ísfirðinga á Réttarholti fyrir botni Skutulsfjarðar hefur verið gerð upp, en ástand hennar var orðið nokkuð slæmt. Húsið hefur tekið stakkaskiptum og er orðið hið myndarlegasta. „Það er búið að gera það sem átti að gera og lokið hefur verið við bæði járna- og málningavinnu“, segir Helga Friðriksdóttir, formaður sóknarnefndar Ísafjarðarkirkju. Þó svo að hús þetta sé í daglegu tali nefnt kapella hefur það aldrei hýst guðsþjónustur. Það hefur alltaf verið notað sem geymsla og var hugsað fyrir slíka notkun þegar það var byggt.

– halfdan@bb.is

Sjávarútvegsráðuneytið

Auglýsir byggðakvóta

Sjávarútvegsráðuneytið hefur sent frá sér tilkynningu þar sem vakin er athygli sveitarstjórna á úthlutun byggðakvóta. Í tilkynningunni segir:

„Á grundvelli 1. mgr. 9. gr. laga um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, hefur sjávarútvegsráðherra ákveðið að á fiskveiðiárinu 2004/2005 skuli allt að 3.200 þorskígildum samtals ráðstafað til stuðnings byggðarlögum þannig:

1. Til minni byggðarlaga, sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum og vinnslu á botnfiski. Minni byggðarlög teljast í þessu sambandi byggðarlög með færri íbúum en 1.500.

2. Til byggðarlaga, sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa, sem gerð hafa verið út og landað afla í viðkomandi byggðarlögum, og sem verulega áhrif hefur haft á atvinnuástand í þeim.“

Í tilkynningunni segir að sveitarstjórnum sé gefinn kostur á að sækja um umræddan byggðakvóta fyrir 1. október og sveitarstjórnirnar annist öll samskipti við ráðuneytið vegna úthlutunarinnar. Sveitarfélögin sem um byggðakvótann sækja verða að gera ráðuneytinu ítarlega grein fyrir þeim vanda sem samdráttur í sjávarútvegi og óvæntar skerðingar í heildaraflaheimildum hafa haft í för með sér fyrir veiðar og vinnslu bolfisks í viðkomandi byggðarlagi.

Þau sveitarfélög sem fá kvóta úthlutað geta gert tillögur um skiptingu byggðakvótans milli fiskiskipa. Undanfarin fimm fiskveiðiár hafa Ísafjarðarbær og Vesturbyggð fengið úthlutað byggðakvóta á þessum forsendum og hefur kvóta Ísafjarðarbæjar verið úthlutað til Þingeyrar og kvóta Vesturbyggðar til Bíldudals.

– hj@bb.is

Gullgrafarar fljúga frá Ísafirði til Grænlands

Gullgrafarar frá Kanada og ferðaþjónusta í Bretlandi nýta sér nálægð Ísafjarðar við Austur-Grænland og leigja flugvél frá Ísafjarðaflugvelli. Þá eru til taks tvær Twin-Otter vélar sem fara að meðaltali eina ferð í viku yfir sumartímann.

„Það eru aðallega breskir ævintýramenn sem fara til að klifra á jöklum og kanadískir gullgrafarar, sem farið hafa til Sødalen í áratugi til að taka sýni og gera athuganir vegna platínu og gulls, sem nýta sér leiguflugið“, segir Páll Janus Hilmarsson, starfsmaður Flugfélags Íslands á Ísafjarðarflugvelli. Að hans sögn er jöklaklifrinu nú lokið þar sem einungis er unnt að fara yfir hásumarið en leiguflug til Grænlands fer eftir eftirspurn og var síðast flogið frá Sødalen til Ísafjarðar 9.ágúst.

Það er ferðaskrifstofa Paul Walker Tangent sem býður upp á þessar ævintýraferðir, en nánari upplýsingar um þær má finna á vefsíðunni www.tangent-expeditions.co.uk.

– thelma@bb.is

Smáauglýsingar

Til sölu eru kojur, með eða án dýna. Uppl. gefur Sólrún í síma 456 7117 eða 861 5260.

Til leigu er lítil 2ja herb. íbúð við Hjallaveg á Ísafirði. Uppl. í síma 456 3016 eða 867 4409.

Óska eftir að kaupa notaðan gervihnattadisk, Channel Master 120. Uppl. í síma 895 4115.

Línubáturinn Sjófugl ÍS 220 er til sölu. Uppl. í síma 892 3652.

Til sölu er Volkswagen Golf árg. 1998, ekinn 98 þús. km. Einn eigandi. Uppl. í síma 869 6071.

Til sölu er 4ra herb. íbúð með kjallara og bílskúr í tvíbýli á eyrinni. Uppl. í síma 456 4269

Til sölu eru fjögur dekk og fjórar felgur, stærð 15/570/R13. Fimm dekk og fjórar felgur sömu stærðar fylgja frítt með. Uppl. í síma 893 0760.

Til sölu er barnarúm. Rúmið er úr stáli með hillum og skrifborði undir, með nýrri dýnu í stærðinni 90x200 cm. Mjög traust þýskt rúm. Upplýsingar í síma 863 2414.

Til sölu er Seljalandsvegur 85 (Litla býli). Eignin er mikið endurnýjuð og ásett verð er kr. 4,9 milljónir. Opið hús verður laugardaginn 28. ágúst kl. 14-17. Nánari uppl. gefur Sigmundur í síma 456 5370 og 865 9669.

Til sölu er MMC Galant árg. 92, 4X4. Fínn bíll. Verðtilboð kr. 200 þús. Uppl. í síma 898 6554.

Tilboð óskast í VW Golf árg. 99, svartan samlitan á álfelgum. Ekinn 116 þús. km. Ahvílandi er ca. 500 þús. kr. Hafið samband í síma 456 3983 og 869 3113.

Námsmaður óskar eftir 2ja herb. íbúð á eyrinni á Ísafirði. Uppl. í síma 869 8990.

Til leigu er 3ja herb. íbúð að Fjarðarstræti 6, 1. hæð. Íbúðin er laus. Uppl. í símum 456 3938 og 845 1844.

Til sölu er borðstofuborð og sex stólar. Uppl. í síma 456 4028.

Til sölu eru fjórar stálfelgur, fínar fyrir vetrardekkin. Passa undir Peugeot. Uppl. í síma 848 0876.

Vegna flutnings er til sölu ársgamalt 16" Trek barnafjól fyrir 4-6 ára. Verð kr. 10 þús. Upplýsingar í símum 456 4114 eða 456 4277.

Ertu orðin(n) áskrifandi? Síminn er 456 4560

Sjóræningjaútgáfur kvikmynda að drepa bíóið?

Aðsókn í Ísafjarðarbíó hefur ekki verið lakari frá því að sýningar hófust þar að sögn Böðvars Sigurbjörnssonar, starfsmanns bíósins. „Ein helsta ástæða þess er að sjóræningjaútgáfur kvikmynda koma inn á vefinn mjög snemma og fólk oft búið að sjá myndirnar áður en þær eru sýndar og það er hreinlega að ganga að bíóinu dauðu. Það eru ekki bara hér á Ísafirði heldur á öðrum stöðum á landinu líka“, segir Böðvar. Aðspurður um það hvort eitthvað sé hægt að gera til að sporna við þessari þróun telur Böðvar það varla vera. „Ekki nema að hvetja fólk til að koma í bíó því það er mikill missir fyrir bæinn ef bíóið fer. Það er ekki lengur rekið í gróðaskyni heldur af einskærum kvikmyndaáhuga.

Ísafjarðarbíó.

Tankbíll slökkviliðsins í Bolungarvík

Notaður til að vökva golfvöllinn í Syðridal

Tankbíll Slökkviliðs Bolungarvíkur hefur að undanförnu verið notaður til þess að vökva Golfvöll bæjarins þar sem hefðbundin vökvun nægir ekki vegna góðviðrisins að undanförnu.

Birgir Olgeirsson starfsmaður vallarins segir að hægt hafi verið að halda teigum og flötum vallarins í góðu horfi en ekki hafi verið hægt að sinna brautunum nægilega vel vegna mikilla þurrka að undanförnu. Þar sem völlurinn er á sandi voru brautirnar farnar að springa. Því var brugðið á það ráð að leita til slökkviliðsins um aðstoð. Hefur tankbíll liðsins verið notaður að undanförnu og sem dæmi má nefna að á mánudaginn var um 60 tonnum af vatni sprautað á brautir vallarins.

„Völlurinn okkar er á sandi eins og fyrstu golfvellirnir í heiminum. Því er hann viðkvæmur fyrir þurrkum og hitum eins og verið hafa í sumar. Við höfum verið að hugga okkur með því að þetta ástand er svipað og oft gerist á frægasta golfvelli í heimi, St. Andrews vellinum í Skotlandi, sem einnig er byggður á sandi. En þrátt fyrir það erum við búnir að liggja á bæn lengi um að fá hressilega rigningu og vonandi fer hún að skila sér“, sagði Birgir Olgeirsson.

– hj@bb.is

MENNTAFÉLAGIÐ
Skóli vélfræði og siglinga

Skipstjórnarnám

Menntafélagið, sem rekur Stýrimannaskólann í Reykjavík og Vélskóla Íslands, býður nú 1. stig skipstjórnarnáms, meðfram vinnu. Námið er boðið í samvinnu við Menntaskólann á Ísafirði og Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Nemendur geta tekið almennar námsgreinar við Menntaskólann, í öldungadeild eða dagskóla, en faggreinar í fjarnámi og námslotum á nokkrum helgum við Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Vestfirðingar eru hvattir til að nýta sér þetta tækifæri. Skráning er hjá Menntaskólanum á Ísafirði.

Nánari upplýsingar veita Menntafélagið (Sigríður, sími 522 3314), Menntaskólinn á Ísafirði (sími 450 4400) og Fræðslumiðstöð Vestfjarða (Smári, sími 456 5025).

Umsóknarfrestur er til 30. ágúst.

Menntafélagið.

Hugleiðingar úr norðurbænum

Hér hefur viðrað vel í sumar eins og annars staðar á Vestfjörðum og kýrnar leikið við hvurn sinn fingur eins og skáldið sagði. Sama má segja um Hnífsdælinga. Þeir eru skælbrosandi yfir þeim miklu framkvæmdum sem átt hafa sér stað hér í Dalnum á vegum Ísafjarðarbæjar, sem við erum sameinuð eins og alþjóð veit.

Hingað hafa komið elskulegir unglingar og slegið grasskika hér og þar. Þau hafa svo komið aftur til þess að raka heyið. Fyrir fáeinum dögum komu svo brosandi bæjarstarfsmenn vopnaðir skóflum og hjólagröfu, með hálfa skúffu af olíumöl. Olíumölin var sett í stærstu holurnar í götunum og er það vel. Allar þessar framkvæmdir ber að þakka.

Göturnar eru samt varasamar fyrir venjulega fólksbíla og ekki þarf að setja hér upp hraðahindranir því ekki er auðvelt að aka hraðar en 10-15 km/klst án skaða á bíl eða fólki. Gangstéttir sem steyptar voru í einhverjum ævintýraljóma á sínum tíma eru stórhættulegar gangandi fólki. Þær eru sundursprungnar, en reyndar með miklum gróðri í sprungunum sem er kannski til skrauts?

Skyldi öllum framkvæmdum þar með vera lokið hér á vegum bæjarins í sumar? Við óttumst það, sem hér búum. Það er sagt hér meðal fólks að götur og gangstéttir í Hnífsdal séu friðaðar, að ekki megi hrófla við þeim nema með sérstöku leyfi, sem er víst illfáanlegt.

En svo má líka taka fram, ég ítreka og segi eins og litli skeggjaði maðurinn í Spaugstofunni segir, ma-ma-ma maður lætur vaða yfir sig, borgar alla sína skatta og skyldur til bæjarfélagsins eins og aðrir, og svo þegir maður eins og allir aðrir.

Hvern skal undra að hvorki Bolvíkingar né Súðvíkingar hafa áhuga á sameiningu við „stórveldið“ og framkvæmdagleði þess sem sést hér í Hnífsdal.

– Norðurbæingur.

STAKKUR SKRIFAR

Heimastjórnarhátíð alþýðunnar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Þess var minnst hinn 1. febrúar síðastliðinn að 100 hundrað ár voru liðin frá því Ísland fékk heimastjórn til handa íbúum sínum og yfirstjórn framkvæmdavalds fluttist til landsins frá Danmörku. Heimastjórnin var mikilvægur áfangi í átt til fulls sjálfstæðis, sem fékkst 1918. Það er eins og mikilvægi heimastjórnar gleymist oft í ræðu manna um þróun sjálfstæðis Íslendinga á nýjan leik. En svo fór að aldar afmæli heimastjórnar dró dilk á eftir sér og hann af stærra kyninu. Mörgum þykir sem deilur eða meintur ágreiningur ríkisstjórnar og forseta Íslands hafi borið keim af því að sá síðar nefndi hafi ekki talið hlut sinn í hátíðahöldunum nægan og kosið skíðaferð fremur en að sitja undir ræðum annarra í Þjóðmenningarhúsi. Mörgum fannst ekki við hæfi að forsetinn veldi dvöl í Bandaríkjunum fremur en að fagna með þjóðinni afmæli heimastjórnar.

Óþarft er að rifja upp það sem á eftir gekk. Forsetinn lét sig vanta í brúðkaup krónprins Dana og neitaði svo fyrstur þjóðhöfðingja lýðveldisins að undirrita lög frá Alþingi. Sagan er svo fersk í minni að allir þekkja hana. Um það má deila endalaust hvort þessi nýlunda verði hinn nýji siður. Forsetakosningar fóru svo á þann veg sem allir þekkja ríflega fimmtungur þeirra kjósenda sem mættu gerðu það til að skila auðu.

Það var líka nýlunda. Forsetinn var svo settur inn í embætti og stjórnmálafræðingar virtust sammála um að ekkert nýtt væri boðað í ræðu hans. En hann er Vestfirðingur og var því að sjálfsögðu heiðursgestur þeirrar hátíðar sem grasrótin á Vestfjörðum boðaði til að minnast aldar afmælis heimastjórnar og þar flutti hann hátíðarræðuna og lagði talsvert upp úr því að gott hefði verið að eiga stuðning Vestfirðinga og rakti dæmin frá Jóni Sigurðssyni. Gat forsetinn um félagana og alþingismennina Skúla Thoroddsen og séra Sigurð Stefánsson í Vigur, andstæðing þeirra Hannes Hafstein, fyrsta ráðherrann, og sendi sonarsyni séra Sigurðar, Sigurði Bjarnasyni, fyrrum alþingismanni, tæplega 89 ára gömlum kveðjur að vestan.

Var það vel til fundið, því Sigurður var áhrifamaður, alþingismaður Norður Ísfirðinga 1942 til 1959, varaþingmaður Vestfirðinga 1959 til 1963 og þingmaður okkar næstu sjö árin þar til hann varð sendiherrra í Danmörku. Hann var ritstjóri Morgunblaðsins um langt skeið, meðan það var talið ígildi ráðherradóms, sat lengi í Norðurlandaráði og oft einn forseta þess. Okkur hættir oft til þess að gleyma því að stjórnmálamenn og reyndar aðrir geta víðar haft áhrif en í stóli ráðherra. Sigurður lét sér mjög annt um norræna samvinnu og var um nokkrt skeið formaður Norræna félagsins á Íslandi 1965 til 1970, að því ógleymdu að hann var forseti bæjarstjórnar Ísafjarðar 1946-1950. Hafi forsetinn þakkir fyrir hugulsemina. Okkur er hollt að minnast þeirra sem lagt hafa höndina á plóginn, ekki aðeins þeirra er hafa skipað allra æðstu embættin.

En kjarni málsins er sá, að hátíðin tókst einkar vel og var umgjörðin öll til fyrirmyndar, flugeldasýning Björgunarfélags Ísafjarðar óvenju glæsileg og allir gengu ánægðir heim. Kyndilhlaupið tókst vel og það, eins allt sem að þessu framtaki sneri, sýndi kraftinn og samstöðuna sem býr í Vestfirðingum. Hafi Jón Fanndal og hans fólk bestu þakkir fyrir framtakið sem var öllum til sóma er þátt tóku. Kannski dugar það til að slíðra sverðin í þjóðlífinu um sinn.

Tilboð 26. – 30. ágúst
489 kr/kg
179 kr/kg
Íslenskt blómkál
40% afsl. v/kassa
Gourmet bláberja ofnsteik
Gourmet villisveppa ofnsteik
489 kr/kg
299 kr/kg
Græn vínber
30% afsl. v/kassa
Naggar
Goða Kjötbollur
30% afsl. v/kassa
Naggar
Kjúklinganaggar
499 kr/kg
399 kr/kg
Íslandsfugl
Kjúklingaæri
30% afsl. v/kassa
Naggar
Gordon Bleu
299 kr/kg
249 kr/kg
Íslandsfugl
Kjúklingavængir
499 kr/kg
399 kr/kg
Íslandsfugl
Kjúklingaæri m/legg
329 kr
249 kr
WEETOS
Heilhveitihringir
285 kr
199 kr
WEETOS
Orkustóng
254 kr
199 kr
WEETABIX
SAMKAUP
...gæði og ferskleiki!
Hernasiða Samkaupa er: www.samkaup.is
Hafnarstræti 9-13 Ísafirði - Sími 456 5460

Þrír feðgar léku í sama knattspyrnuliði

Sá fátíði, ef ekki einstæði, atburður átti sér stað í Bolungarvík fyrir stuttu að þrír feðgar léku saman í knattspyrnuliði Ungmennafélags Bolungarvíkur í leik liðsins gegn Boltafélagi Ísafjarðar í 3. deild Íslandsmótsins í knattspyrnu. Jóhann Þór Ævarsson, hinn gamli knattspyrnurefur og núverandi þjálfari liðs Bolungarvíkur, lék í leiknum við hlið tveggja sona sinna, þeirra Ævars Arnar og Hafsteins Þórs. Ævar Örn hefur leikið nokkrum sinnum við hlið föður síns í liðinu en Hafsteinn Þór var á laugardaginn að leika sinn fyrsta leik í meistaraflokki UMFB. Kom hann inná þegar sjö mínútur lifðu af leiknum. Hafsteinn er aðeins 13 ára og 10 mánaða gamall og þykir mjög efnilegur. *– hj@bb.is*

Feðgarnir eftir leikinn. Mynd: Guðrún D. Guðmundsdóttir.

Helgarveðrið

Horfur á fimmtudag:
Austlæg átt, 3-8 m/s. Skýjað og víða rigning, einkum austanlands. Hiti 10-18 stig.

Horfur á föstudag:
Norðlæg átt, 3-8 m/s, en 8-13 m/s austanlands. Bjartviðri sunnanlands, en skýjað og rigning með köflum norðantil. Kólnar.

Horfur á laugardag:
Austan og norðaustan 8-13 m/s, en hægari breytileg átt um landið austanvert. Rigning.

Horfur á sunnudag:
Útlit fyrir norðlæga átt og vætu. Kólnandi veður.

Kirkjustarf

Ísafjarðarkirkja:
Messa sunnudaginn 29. ágúst kl. 11:00. Kór Ísafjarðarkirkju syngur undir stjórn Huldu Bragadóttur.

Spurningin

Hvert eftirtalinna nafna finnst þér best á nýjan veg um Arnkötludal og Gautsdal?

Alls svöruðu 562.
Arnkötluvegur sögðu 132 eða 24%
Stranddalavegur sögðu 60 eða 10%
Tröllatunguvegur sögðu161 eða 29%
Annað sögðu 209 eða 37%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Sunna fyrst kvenna á Íslandi til að hljóta alþjóðlegan styrk Zonta

Ísfirðingurinn Hafdís Sunna Hermannsdóttir er fyrst ungra kvenna á Íslandi til að hljóta alþjóðlegan styrk frá Zonta samtökunum. Hún var meðal fimm stúlkna sem hlutu þennan heiður og valdar voru úr hópi mörg hundruð umsækjenda um allan heim. „Zonta konurnar á Ísafirði völdu mig til þess að taka þátt í verkefninu Young women in public affairs award. Ég þurfti að gera heilmikla ritgerð um hvað ég hefði verið að gera síðustu árin og af hverju, svara spurningum varðandi stöðu kvenna í heiminum og í mínu heimalandi, hvað hægt væri að gera til þess að bæta stöðuna og þess háttar. Einnig þurftu að fylgja með tvenn meðmæli, mynd og skólavottorð. Þetta er mikill heiður og kemur á óvart“, segir Hafdís Sunna. Jósefína Gísladóttir, svæðisstjóri Zontasamtakanna, og Inga S. Ólafsdóttir, formaður Zontaklúbbsins Fjörgynjar, afhentu Hafdísi Sunnu fyrir hönd alþjóðalegu Zonta samtakanna ávísun upp á 150 þúsund krónur ásamt viðurkenningarskjali í gær. „Við erum svo ánægðar að hafa fundið stúlku á Ísafirði sem uppfyllir þær miklu kröfur sem gerðar eru til styrkþega en talið var hún fyndist ekki á Íslandi“, segir Jósefína. Þetta mun vera í fyrsta sinn sem kona frá Íslandi nær þessum árangri. *– thelma@bb.is*

Jósefína Gísladóttir og Inga S Ólafsdóttir afhenda Hafdísi Sunnu Hermannsdóttur viðurkenningarskjalið.

Héldu golfmót fyrir vestfirska viðskiptavini sína

Icelandic umbúðir, dótturfyrirtæki Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, hélt golfmót fyrir starfsfólk sitt og vestfirska viðskiptavini á Tungudalsvelli á Ísafirði í síðustu viku. „Þetta er mót upp á 30 keppendur“, segir Kristinn Kristjánsson hjá Hraðfrystihúsinu – Gunnvöru sem átti þátt í því að skipuleggja mótið. „Ég lagði til við þá í fyrra að halda svona mót og fékk mjög góð viðbrögð.“ „Þrír eða fjórir starfsmenn Icelandic umbúða tóku þátt í mótinu, en svo var boðið til þátttöku forsvarsmönnum fiskvinnslufyrirtækja og útgerða á Ísafirði og í öllum nágrannabæjunum“, sagði Kristinn.

Þátttakendur í mótinu.

> RÚV: 27. ágúst kl. 23:00

Voðaverk

Í myndinni Voðaverk eða The Butcher Boy segir frá hremmingum Francies sem elst upp hjá þunglyndri móður sinni og drykkfelldum föður. Eftir að móðir hans fyrirfer sér og besti vinur hans fer í heimavistarskóla nær vænisýkin tökum á Francie og hann hefnir sín grimmilega á nágrannakonu fyrir að breiða út illkvitnislegar slúðursögur um foreldra hans. Aðalhlutverk: Eamonn Owens.

> Stöð 2: 28. ágúst kl. 21:00

Símaklefinn

Símaklefinn er spennutryllir af bestu gerð. Á hverjum degi fer Stuart í sama símaklefann í New York og hringir í kærustuna. Hann vill ekki hringja í hana úr vinnunni eða að heiman frá sér því þá gæti eiginkonan hans komist að öllu saman! Og nú er Stuart aftur mættur í símaklefann. Að þessu sinni verður einhver fyrri til og hringir í hann og þá hefst martröðin...

> Sýn: 28. ágúst kl. 13:50

Nágrannaslagur í Glasgow

Boltin heldur áfram að rúlla á Sýn og í dag verður boðið upp á tvær beinar útsendingar. Fyrri leikur dagsins er nágrannaslagur í Glasgow í Skotlandi þar sem erkifjendurnir Celtic og Rangers eigast við. Celtic hefur haft nokkra yfirburði í skosku úrvalsdeildinni en nú segja stuðningsmenn Rangers að þeirra tími sé kominn. Síðari leikurinn er úr spænska boltanum.

Blaðamannaskipti á BB og bb.is

Kristinn Hermannsson, sem starfað hefur sem blaðamaður á Bæjarins besta og bb.is um eins og hálfs árs skeið, hefur látið af störfum. Kristni, sem farinn er til Maastricht í Hollandi til að stunda nám í hagfræði, eru færðar bestu þakkir fyrir samstarfið og óskir um gott gengi í náminu. Tveir nýir blaðamenn hafa hafið störf á blaðinu, þau Thelma Hjaltadóttir og Hálfdán Bjarki Hálfdánsson, sem starfað hefur á BB með hléum frá árinu 2000. Eru þau boðin velkomin til starfa.

Thelma, Hálfdán Bjarki og Kristinn.

Nýbúabraut við MÍ

Nú er tækifærið til þess að bæta íslenskuna þína, læra ensku, stærðfræði, íslenska samfélagsfræði eða tölvunotkun.

Menntaskólinn á Ísafirði býður upp á nám fyrir nýbúa á almennri námsbraut 1. september til 15. desember 2004. Brautin er hugsuð sem undirbúningur fyrir hefðbundið framhaldsskólanám og er ætluð fólki af erlendum uppruna á aldrinum 16-60 ára.

Boðið verður upp á fimm greinar, ef næg þátttaka fæst: Íslensku, tölvunotkun, stærðfræði, ensku og íslenska samfélagsfræði.

Kennsla hefst 6. september 2004.

Kennt verður á tímabilinu frá kl. 17:00 til 20:00.

Kynningarfundur og stöðupróf í íslensku og ensku fyrir byrjendur verður haldinn í Menntaskólanum 1. september kl. 18:00.

Allir eru velkomnir á fundinn. Við hlökkum til að sjá þig.

Kærar kveðjur.

Skólameistari.

Atvinna

Starfskraftur óskar í verslun. Vinnutími er frá kl. 13-18.

Upplýsingar gefur Bjarney í síma 848 0918.

> RÚV: 28. ágúst kl. 21:40

Ráðgáta

Í mars 1943 standa dulmálssérfræðingar bresku leyniþjónustunnar frammi fyrir miklum vanda. Kafbátar Þjóðverja hafa fyrirvaralaust breytt samskiptadulmáli sínu og kaupskipafloti Bandamanna, er í hættu staddur. Ungur stærfræðisnillingur er fenginn til að ráða dulmál óvinanna en um svipað leyti hverfur konan hans: Aðalhl: Kate Winslet.

Sælkeri vikunnar

er Halldóra Pétursdóttir í Súðavík

Sinnepsþaktar kjúklingabringur

Sælkeri vikunnar að þessu sinni býður upp á bragðmiklar kjúklingabringur sem hún segir að gott sé að bera fram með hrísgrjónum og hrásalati og ekki skemmir að hafa hvítlauksbrauð með. Í eftirrétt er einföld en góð Rice Krispies terta sem er bókstaflega ómótstæðileg.

Sinnepsþaktar Kjúklingabringur

Kjúklingabringur
salt og pipar
sinnep
ostur í sneiðum
1 stk laukur
1 tsk karrý
1 ½ dl rjómi eða matreiðslurjóma
1 dl tómatpuré

Kryddið kjúklingabringurnar með salti og pipar og brúnið á pönnu. Lagt í eldfast mót. Smyrjið kjúklingabringurnar með sinnepið og ekki spara það. Setið ostasneiðarnar ofan á. Brúnið laukinn og bætið svo við tómatpuré, karrý og rjómanum. Hellið yfir kjúklingabringurnar og mótið sett inn í 225° C heitan ofn í 30 mínútur.

Rice crispies terta

Botn
4 eggjahvítur
200 g sykur
2 bollar Rice Krispies

Þeytið vel saman eggjahvíturnar og sykurinn. Bætið Rice Krispies varlega saman við. Klæðið tvö hringlótt lausbotna form með álpappír og úðið vel af olíuúða og setjið jafn mikið í hvort formið. Bakið við 150-160° C í 30-45 mínútur.

Á milli
½ l rjómi
súkkulaðirúsinur

Þeytið rjómann og bætið við súkkulaðirúsínunum. Setjið á milli botnana.

Krem
4 eggjarauður
60-100 g flórsykur
100 g súkkulaði
50 g smjörlíki

Þeytið eggjarauðurnar og flórsykurinn saman. Bræðið súkkulaðið og smjörlíkið saman við lágan hita. Kælið örlítið og blandið því svo saman við eggjarauðurnar og flórsykurinn. Setjið ofan á kökuna.

Ég skora á Veigu Ragnarsdóttur í Súðavík sem næsta sælkera vikunnar.

Toyota Land Cruiser VX 90, árg. 98

Til sölu er **Toyota Land Cruiser VX** 90, árg. 1998, ekinn 118 þús. km. Fryst skráður 12/98. Er á dekkjum, varadekkjahlíf, spoiler og grjóthlíf. Upplýsingar í símum 456 4244, 456 4566 og 892 7911.

Sportið í beinni

SkjárEinn:
Laugardagur 28. ágúst:
Kl. 11:40 – Enski boltinn: Blackburn – Man. Utd.
Kl. 14:00– Enski boltinn: Chelsea – Southampton
Kl. 16:10 – Enski boltinn: Norwich – Arsenal
Sunnudagur 29. ágúst:
Kl. 15:00 – Enski boltinn: Bolton – Liverpool.

Sýn:
Laugardagur 28. ágúst:
Kl. 13:50 – Skoski boltinn: Glasgow Celtic – Rangers

Canal+ Sport:
Miðvikudagur 25. ágúst:
Kl. 18:45 – Enski boltinn: Arsenal – Blackburn
Laugardagur 28. ágúst:
Kl. 14:00 – Enski boltinn: Tottenham – Birmingham
Kl. 16:15 – Enski boltinn: Norwich – Arsenal
Mánudagur 30. ágúst:
Kl. 11:00 – Enski boltinn: Man. Utd. – Everton
Kl. 19:00 – Enski boltinn: Portsmouth – Fulham

Kanal 5 Denmark:
Laugardagur 28. ágúst:
Kl. 11:45 – Enski boltinn: Blackburn – Man. Utd.
Kl. 20:00 – Spænski boltinn: Espanyol – Deportivo
Sunnudagur 29. ágúst:
Kl. 17:30 – Spænski boltinn: Mallorca – Real Madrid
Kl. 19:30 – Spænski boltinn: R. Santander – Barcelona

Afmæli

Þann 31. ágúst nk., fagnar **Guðni A. Einarsson**, framkvæmdastjóri, Hjallabyggð 3 á Suðureyri, **50 ára** afmæli sínu. Af því tilefni munu hann og eiginkona hans, Sigrún M. Sigurgeirsdóttir, taka á móti ættingjum og vinum í Þurrkveri á Suðureyri frá kl. 19 á afmælisdaginn.

Afmæli

Aðalheiður Árný Pálmadóttir verður **fimmtug** 27. ágúst nk. Að því tilefni vill hún bjóða ættingjum og vinum að halda upp á afmælið með sér á Hótel Ísafirði, laugardaginn 28. ágúst kl. 15:00.

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk
www.bb.is – daglegar fréttir á netinu

PÓSTURINN
allur pakkinn

Sparisjóður Vestfirðinga var rekinn með tæpra 50 milljóna króna hagnaði á fyrri helmingi ársins

Verulega bætt afkoma sparisjóðsins

Sparisjóður Vestfirðinga var rekinn með tæpra 50 milljóna króna hagnaði á fyrri helmingi ársins. Er það mikill viðsnúningur frá sama tíma í fyrra þegar sjóðurinn var rekinn með tæpra 56 milljóna króna tapi. Vaxtatekjur sjóðsins voru 350 milljónir króna á tímabilinu og hækkuðu um 12,5% á milli ára. Vaxtagjöld sjóðsins námu tæpum 207 milljónum króna sem er um 19,6% hækkun á milli ára.

Aðrar rekstartekjur sjóðsins voru rúmar 225 milljónir króna sem er nærri því þreföldun frá sama tíma í fyrra. Mestu munar þar um aukinn gengishagnað af markaðsverðbréfum sjóðsins sem jókst úr rúmum 15 milljónum í tæpar 160 milljónir króna.

Önnur rekstargjöld sjóðsins á fyrrihelmingi ársins voru rúmar 163 milljónir króna og hafa því aukist um rúm 3%. Framlag í afskriftareikning útlána hækka um rúm 52% á milli ára. Voru rúmar 125 milljónir í fyrra en 190 milljónir í ár. Þá fékk sjóðurinn framlag frá Tryggingasjóði sparisjóða að upphæð tæpar 37 milljónir króna og eins og áður sagði nam hagnaðurinn á tímabilinu tæpum 50 milljónum króna.

Í lok fyrrihluta árs námu útlán sjóðsins tæpum 5,7 milljörðum króna og höfðu þau aukist um rúmt 1% frá áramótum. Innlán sjóðsins voru tæpir 2 milljarðar króna og höfðu aukist um rúm 4%. Í frétt frá sjóðnum segir að framlag í afskriftareikning hans hafi verið mun hærra en gert hafi verið ráð fyrir en það námu rúmum 190 milljónum króna í stað 125 milljóna króna á sama tíma í fyrra. Gert er ráð fyrir að framlag í afskriftarsjóð verði mun minna á seinni helmingi ársins.

Einn af átta afgreiðslustöðum Sparisjóðs Vestfirðinga er á Ísafirði.

Eigið fé Sparisjóðs Vestfirðinga þann 30.júní nam 718 milljónum króna og víkjandi lán námu 231 milljón króna. Eiginfjárhlutfall samkvæmt CAD-reglum er því 13,6% en var 11,7% um síðustu áramót, samkvæmt frétt frá sjóðnum.

– hj@bb.is

Ljósadýrð á Pollinum

Skutulsfjörður ljómaði allur á tólfta tímanum að kvöldi laugardags, en þá var í tengslum við Heimastjórnarhátíð alþýðunnar haldin ein sú magnaðasta ljósa- og flugeldasýning sem Ísfirðingar hafa orðið vitni að. Siglingaklúbburinn Sæfari skaut á loft 15 neyðarblysum úr jafnmörgum kajökum og Björgunarfélag Ísafjarðar stóð fyrir flugeldasýningu sem verður í minnum höfð. Álfabrenna var á miðjum Pollinum, blys voru tendruð í Naustahvilft, flugeldum skotið úr lóðsbát Ísafjarðarhafnar og glitrandi ljósafoss flæddi niður Gleiðarhjalla. Fáir vissu hvað stóð til, en óhætt er að fullyrða að ekki hafi margir búist við jafn glæsilegri sýningu. Kyrrt og fallegt var á svæðinu þegar flugeldum var skotið á loft og samkvæmt heimildum bb.is heyrðust drunurnar í flugeldunum alla leið í botn Veiðileysufjarðar í Jökulfjörðum.

Mikil ljósadýrð var yfir Pollinum á Ísafirði á lokahátíð Heimastjórnar alþýðunnar. Ljósm: Birgir Þór Halldórsson.

Fallegur ljósafoss var myndaður í klettunum í Gleiðarhjalla fyrir ofan Ísafjörð. Ljósm: Páll Önundarson.

Ný númer
Húsasmiðjan Ísafirði hefur tekið í notkun ný númer.
Aðalnúmer 450 3300
Timbursala 450 3302
Fax verslun 450 3301
Fax timbursölu 450 3303
HÚSASMIÐJAN
Sími 450 3300 • www.husa.is

Nýbygging Djúpvegar í Skötufirði í Ísafjarðardjúpi

Ósennilegt að nýbyggingu verði lokið á réttum tíma

Óvíst er hvort nýbyggingu Djúpvegar á 31,5 km kafla frá Kleifum í Skötufirði að Hesti í Hestfirði verði lokið á réttum tíma, en umsamin verklok eru 1. nóvember í ár. Tafir urðu á framkvæmdum en þær hafa þó gengið vel að undanförnu og hefur framgangur verksins tekið kipp í sumar.

„Verktakarnir lentu á eftir áætlun og hvort þeim takist að vinna þetta upp er mjög erfitt að segja. Eiginlega eru ekkert sérstaklega góðar líkur á því. Maður veit þó aldrei hvernig tíðin verður. Ef hún verður eins góð og hún hefur verið í sumar gæti það tekist, en þeir þurfa hjálp frá náttúruöflunum“, segir Gunnar Sigurgeirsson, eftirlitsmaður hjá Vegagerðinni á Ísafirði.

Verktakafyrirtækið Klæðning frá Kópavogi vinnur verkið og fær samkvæmt tilboði sínu rúmar 328 milljónir króna fyrir. Aðspurður um það hvers vegna tafir hafi orðið á framkvæmdum segir Gunnar tvennt koma til. „Fyrir það fyrsta byrjuðu þeir mánuði of seint. Síðan hafa þeir verið óheppnir með bilanir og annað. Þannig fór stór grafa út í sjó og var lengi frá. Síðan skullu tveir vörubílar saman, vél í nýju tæki bræddi úr sér og þar fram eftir götunum“.